



Ég trúði því ekki að ég yrði hamingjusöm á ný

Alma Ýr Ingólfssdóttir hefur gengið í gegnum meira en flestir, alvarleg veikindi á unglingsárum og sáran dótturmissi. Buguð af sorg hélt Alma að hún myndi aldrei finna hamingjuna á ný en hún birtist sannarlega í syni hennar, sem þó átti aldrei að geta orðið til. ➔ 20



Þó ég líti ekki á barnmissinn sem sár þá græddi tilkoma hans hjarta mitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGURARI



Að finna sína eigin rödd

Atli Örvarsson vinnur að fyrstu sólóplötu sinni samhliða alþjóðlegum verkefnum. ➔ 24



Hálfgerður forréttindapési

Stefán Már segir það forréttindi að skemmta fólkinu heima. ➔ 18



Huglægi þátturinn mikilvægur

Jógakennarinn Valdís Helga gerir myndbönd fyrir þá sem heima sitja. ➔ 42


NJÓTTU ÞÍN HEIMA
MEÐ STARBUCKS KAFFI



PANTAÐU
ÞITT BRAGÐ
Á ELKO.IS

ELKO

Veður



Sunnan 10-18 í dag og rigning, en áfram þurr norðaustanlands. Snýst í norðan 3-8 á norðvestanverðu landinu seint í dag með slyddu eða snjókomu og kólnar á þeim slóðum. Hiti 3 til 10 stig. **SJÁ SIÐU 36**



Framhaldsskólakennarar sömdu til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FF og FS sömdu til skamms tíma

KJARAMÁL Félag framhaldsskólakennara (FF) og Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS) skrifuðu í gær undir samkomulag við ríkið um breytingar og framlengingu á kjarasamningi. Samningur félaganna rann út í lok mars á síðasta ári en verður nú framlengdur til ársloka.

Samkomulagið verður kynnt félagsmönnum á næstu dögum og svo borið undir atkvæði þeirra.

Þá lauk í gær rafrænni atkvæðagreiðslu aðildarféлага BHM sem sömdu nýlega við ríkið.

Þrjú félaganna, Félag geislafræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Félag lífeindafræðinga, felldu samningana.

Samningurinn var felldur með yfirgnæfandi mun hjá Félagi geislafræðinga en rúm 89 prósent kusu gegn honum.

Hins vegar var samningur samþykktur með 72 til 79 prósentum atkvæða hjá Dýralæknafélagi Íslands, Iðjubjálfafélagi Íslands, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga og Félagsráðgjafafélagi Íslands. – sar

LEIÐRÉTTING

Ekki er rétt sem sagði í blaðinu í gær að einn starfsmaður þjóðgarðsins á Þingvöllum hefði smitast af COVID-19, heldur hafði viðkomandi orðið fyrir barðinu á sjúkdómnum á þann hátt að lenda í sóttkvi án þess að vera smitaður.

Mikið fjör á matarmarkaði



Reykjavík Street Food skellti upp matarmarkaði á bílplaninu við Menntaskólann í Kópavogi í gær. Fólk flyktist að og gæddi sér á þeim gómsæta mat sem var í boði. Matarbílar frá fyrirtækinu verða staðsettir við Árbæjarlaug í dag og svo víðs vegar um bæinn næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Niunda andlátíð vegna COVID

COVID-19 Greint var frá því á vef Landspítalans í gær að einn sjúklingur hefði látist síðastliðinn sólarhring af völdum COVID-19 sjúkdómsins sem kórónaveiran veldur.

1.754

hafa smitast af COVID-19 og þar af hafa 1.224 náð bata.

Um er að ræða niunda andlátíð af völdum COVID-19 hér á landi. Af þeim sem hafa látist voru sjö á Landspítala, einn á Húsavík og einn í Bolungarvík.

Alls hafa 1.754 smitast af COVID-19 samkvæmt upplýsingum frá því í gær en greindum tilfellum hefur fækkað töluvert síðustu daga. 1.224 hafa náð bata eftir að hafa smitast og eru virk smit 522 talsins. – fb1

Mikil tækifæri þrátt fyrir að staðan sé erfið

Íslenskir kvikmyndaframleiðendur hvetja ríkisstjórnina til að bregðast hratt við og fjárfesta myndarlega í íslenskri kvikmyndagerð. Formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda segir tækifæri í greininni þrátt fyrir vanda.

COVID-19 Eins og margar aðrar atvinnugreinar hérlandis hefur kvikmyndagerð orðið illa úti vegna faraldursins sem geisar um heimsbyggðina. Framleiðsla og þróun fjölmargra verkefna hefur stöðvast og þar af leiðandi tekjastreymi. Efekkert er að gert er staðan grafalvarleg fyrir iðnaðinn.

Um 60 prósent kvikmyndaframleiðenda hérlandis telja sig ekki geta haldið starfi sínu gangandi lengur en í mánuð vegna skyndilegs tekjumissis. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Félag kvikmyndagerðarmanna gerði meðal sinna félagsmanna.

Hagsmunaaðilar hafa því sent ráðherrum tillögur í nokkrum liðum um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við þessum tíma-bundna vanda. Þær felast meðal annars í því að tryggja afkomu verktaka í greininni, styrkja handritagerð og þróun verkefna, hlaupa fjárhagslega undir bagga með þeim verkefnum sem voru langt komin þegar faraldurinn hófst, endurgreiða virðisaukaskatt vegna sýninga í VOD-kerfum og ekki síst hækka endurgreiðsluhlutfall vegna verkefna í kvikmyndagerð.

„Til skamms tíma þá er staðan erfið en við teljum að með þessum aðgerðum skapist mikil tækifæri,“ segir Kristinn Þórðarson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda.

Hann segist sannfærður um að kvikmyndagerð geti leikið stórt hlutverk í efnahagslegri upprisu Íslands eftir að COVID-19 faraldurinn er yfirstaðinn. Þar skipti miklu máli að hækka endurgreiðslur ríkisins til kvikmyndagerðar. Lagt er til að endurgreiðslan verði 35 prósent



Kristinn segir stjórnvöld þurfa að bregðast hratt við til að grípa tækifærin.

Sú aðgerð kostar ríkissjóð ekki krónu en gæti hjálpað til að fá stór verkefni til landsins.

Kristinn Þórðarson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

næstu 18 mánuði. „Sú aðgerð kostar ríkissjóð ekki krónu en gæti hjálpað til að fá stór verkefni til landsins,“ segir Kristinn. Slik verkefni skipti þjóðarþúfið gríðarlegu máli.

„Það er óvíst hvenær ferðamannastraumurinn til landsins kemst í samt horf. Þá geta stór erlend kvikmyndaverkefni fyllt upp í ákveðið tómarúm,“ segir Kristinn. Hann segir miklar líkur á því að stórir erlendir framleiðendur muni horfa hýru auga til Íslands. „Við höfum staðið okkur vel í baráttunni gegn

faraldurinum og hér er endalaus víðátta sem veitir ákveðið öryggi.“

Ekki skemmi fyrir að kvikmynda-gerðarfolk eyði miklum peningum á meðan verkefni eru í vinnslu. „Þetta eru yfirleitt stórir hópar sem dveljast lengi á landinu og eyða háum upphæðum í gistingu, upphald og leigu á margs konar búnaði. Auglýsingagildi þessara verkefna er því mikið og verkefni halda áfram að gefa af sér eftir að upptökum er lokið,“ segir Kristinn.

Hann segir að viðbrögð ráðamanna hafi einkennt af jákvæðni og áhuga en tíminn sé af skornum skammti. „Þessar aðgerðir þarf að ráðast hratt í. Bæði aðgerðir til þess að hjálpa þeim sem starfa í þessum geira sem og að koma fljótt út skilaboðum um hækkaða endurgreiðslu. Þannig getum við barist til að fá þessi stóru verkefni til landsins,“ segir hann. bjornth@frettabladid.is

Næring+ Millimál í fernu





HÚSASMÍÐJAN


blómaval

RISA vefblað
60 síður á husa.is



Tilboðsveisla

í Húsasmiðjunni og Blómavali



39.990 kr

Trampolín 3,66 m
12 fet/3,66 m, 6 fætur með
öryggisneti. Vandað og gott.
3900557

Parket
og flísar

**25%
afsláttur**

Sendum
samdægurs
á höfuðborgarsvæðinu
husa.is

Innimálning

**25%
afsláttur**



Pottaplöntur
**25%
afsláttur**

Samsetning á grillum
ef verslað er í vefverslun
á aðeins 5.000 kr.

**25%
afsláttur**

Broil King
52.490 kr

~~69.990 kr~~

Gasgrill Crown 320

Þriggja brennara gasgrill, brennarakerfi úr ryðfríu stáli.
3000315

**25%
afsláttur**

damixa™

26.190 kr

~~34.990 kr~~

Handlaugartæki

Damixa Silhouet, small og medium, svart.

8000056-8000067

Evrópskt gæðamerki
á ótrúlegu verði
Skoðaðu allt úrvalið á husa.is

Sjáðu
verðið!



26"

39.990 kr

~~46.990 kr~~

Reiðhjól 26"

A- Matrix 26"

3901795



Sjáðu
verðið!

Broil King

37.490 kr

~~49.990 kr~~

Gasgrill GEM 320

Þriggja brennara, grillflötur 55x37 cm,

grillgrind í steypujárni, hliðarborð..

3000613



**25%
afsláttur**

OUTBACK

19.490 kr

~~25.990 kr~~

Gasgrill Omega 200

Outback gasgrill, grillflötur 50x36 cm.

3000225

Hjólin eru
komin



Rafmagnshekkklippur
620W, 60 cm blað, klippir allt
að 22 mm, þyngd 3,6 kg.
5083686

11.996 kr

~~14.995 kr~~

**20%
afsláttur**

BLACK+
DECKER

16.995 kr

~~21.496 kr~~

**21%
afsláttur**

Rafmagnskeðjusög

1800W, 35 cm blað, hraði keðju 13,5 m/s.

5083681



Gróður mold
45 ltr.
999 kr

Sýpris

1.990 kr/stk.

80-100 cm.

Allar háprýstidælur
**20%
afsláttur**

Allar Hyper cut greina-
og hekkklippur

**25%
afsláttur**

Pallaefnið er komið
Mikið úrval

Græn
vara




Minum á pallareiknirinn á
husa.is. Fáðu tilboð hjá okkur.

TÖLUR VIKUNNAR 12.04.2020 TIL 18.04.2020



1.754

hafa greinst með COVID-19 á Íslandi. Þá hafa 1.224 náð bata.



18%

meiri sala var í Vínbúðunum yfir páskana í ár en í fyrra.




56%

nýnema á framhaldsskólastigi sem hófu nám árið 2014 höfðu útskrifast árið 2018.



40%

atvinnulausra á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar.



33

þúsund tonn var landaður þorskaflí í marsmánuði.

Þrjú í fréttum Forseti, fyrirmæli og Ferrante

Vigdís Finnbogadóttir

fyrirverandi forseti Íslands

átti stórafmæli í vikunni, en hún fagnaði níutíu ára afmæli. Hópur einsöngvara og kór ásamt vínafélki Vigdísar safnaðist saman fyrir utan hús hennar og heiðraði hana með afmælis- og þjóðsöngnum. Fleiri Íslendingar heiðruðu forsetann, þar á meðal blómaskreytirinn Guðmundur Þorvarðarson sem reisti henni blómaskreytta heiðursstöng.



Viðir Reynisson

yfirlöggregluþjónn

hvatti landsmenn til að sofna ekki á verðinum og hlýða áfram fyrirmælum yfirvalda af ótta við bakslag. Reglur um fjarlægðir milli manna og samkomutakmarkanir gilda til 4. maí.



Yael Farber

leikstjóri

mun leikstýra sýningu í Þjóðleikhúsinu sem byggir á hinum geysivinsælu Napolí-sögum eftir Elenú Ferrante. Farber, sem er frá Suður-Afríku, er margverðlaunuð og hefur leikstýrt um allan heim, þar á meðal í stærstu leikhúsum Bretlands. Sýningin verður frumsýnd í september.



Fær tekjuhrunið vegna minna yfirflugs bætt á árinu 2022

Dótturfélag Isavia, flugleiðsögufyrirtækið Isavia ANS, glímur við sjóðstreymisvanda vegna hruns í alþjóðlegri flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Framkvæmdastjórinn segir ANS hins vegar halda uppi fullri þjónustu og fá tapið bætt síðar. Enginn af 320 starfsmönnum fyrirtækisins hefur verið látinn fara.

COVID-19. „Ég hef stundum kallað þetta minnst þekkt útflutningsatvinnuveginn,” segir Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Isavia ANS, sem annast flugleiðsögn á hinu viðfeðma íslenska flugstjórnarsvæði.

ANS veltir að sögn Ásgeirs um tíu milljörðum króna á ári. Þar af eru um sjö milljarðar vegna alþjóðaflugs sem er að mestu alþjóðleg flugumferð án viðkomu á Íslandi.

Flugfélögin greiða ANS fyrir flugleiðsögu eftir því hversu marga kílómetra er flogið innan íslenska svæðisins. Gjaldið byggir á rekstraráætlunum sem gerðar eru fyrir fram í samráði við flugfélögin og sérstaka nefnd hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.


„Umferðin hefur dottið niður alveg þannig að við erum núna með 15 prósent og jafnvel minna en var áður. En gjaldið miðar við það að við höldum að við værum með dálitla aukningu frá því í fyrra,” segir Ásgeir.

Þrátt fyrir þetta heldur ANS uppi fullri þjónustu á sínu svæði með öll kerfi virk og í gangi og mun fá væntanlegt tekjutap bætt upp síðar, þó ekki fyrr en á árinu 2022. „Innkoman sem var áætluð í fyrra er ekki að skila sér. Það hefur auðvitað áhrif á sjóðstreymi og lausafjárstöðu sem þarf þá að brúa á milli,” útskýrir Ásgeir.

Eins og Ásgeir bendir á rekur ANS mikilvæga útflutningsgrein þar sem fyrirtækið hefur mest af sínum tekjum í erlendri mynt. Hann segir að engum af um 320 starfsmönnum hafi verið sagt upp vegna minnkandi umsvifa í heimsfaraldrinum



Daglegt flug um íslenska flugstjórnarsvæðið



Páskaflug um Keflavík

Tölfræði fyrir páskana nú og í fyrra hvað varðar fjölda farþega um Keflavíkurflugvöll.

	2020	2019
Skírdagur	38	18.793
Föstudagurinn langi	0	15.362
Laugardagur	61	16.722
Páskadagur	0	16.465
Annar í páskum	0	16.859

eða starfshlutfall þeirra minnkað. „En það er engin aukavinna eða neitt slíkt og ákveðnum hlutum hefur verið frestað. Síðan eru engar ráðningar í gangi,” segir hann. Mikil

óvissa sé um þróun flugumferðar á næstu mánuðum og því sé unnið að ýmsum sviðsmyndum.

„Við þurfum að hafa allt klárt þannig að þegar umferðin byrjar

Við þurfum að hafa allt klárt þannig að þegar umferðin byrjar að aukast á ný séum við tilbúin að sinna henni.

Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Isavia ANS



að aukast á ný séum við tilbúin að sinna henni,” segir framkvæmdastjóri Isavia ANS.

Isavia ohf., móðurfélag Isavia ANS, glímur við enn stærri vanda. „Þegar lítið er til þess sem af er aprilmánuði samanborið við sama tímabil í fyrra þá er samdrátturinn orðinn um 99 prósent í farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll,” segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia.

Guðjón bendir á að Isavia sé með sterka lausafjárstöðu og geti starfað án tekna í um fimm mánuði ef skrúfað sé fyrir allar fjárfestingar. „Sviðsmyndagreining okkar gerir ekki ráð fyrir miklu flugi fyrri hluta sumars en að það lifni aðeins yfir á seinni hluta þess, ef ekki verða frekari áföll. En rétt er að ítreka óvissuna í stöðunni,” segir upplýsingafulltrúi Isavia.

gar@frettabladid.is

FIAT HÚSBÍLAEIGENDUR

ER HÚSBÍLLINN ÞINN KLÁR FYRIR SUMARIÐ?

BJÓÐUM UPP Á SMURÞJÓNUSTU OG LÉTTA ÁSTANDSSKOÐUN FYRIR SUMARIÐ:

- SJÓNSKOÐUN Á BREMSUKERFI OG UNDIRVAGNI
- LJÓS YFIRFARIN
- ÁSTAND HJÓLBARÐA METIÐ OG LOFTÞRÝSTINGUR MÆLDUR
- ÞURRKUR OG RÚÐUSPRAUTUR YFIRFARNAR
- ÁSTAND KÆLIKERFIS METIÐ
- HLEÐSLA RAFKERFIS MÆLD

ALLIR VINNA – ENDURGREIÐSLA Á VSK Á VINNULIÐ AÐ LÁGMARKSUPPHÆÐ 25.000 KR. ÁN VSK.




ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5ÁRA
ÁBYRGÐ

Fjármálin mín

– betri yfirsýn í Arion appinu



Á tímum mikilla breytinga er mikilvægt að hafa yfirsýn. Fjármálin mín í Arion appinu gefa þér skýra mynd af því í hvað peningarnir fara og hver staðan er. Það er auðvelt að tengja reikninga og kort í öðrum íslenskum bönkum við Arion appið og taka þannig allt með í reikninginn.

Þú getur notað Arion appið hvort sem þú ert í reglulegum viðskiptum við Arion banka eða ekki. Það er hægt að nálgast næstum alla bankaþjónustu í appinu, sem kemur sér mjög vel nú sem endranær.





Vindorka er áberandi í nýju virkjunarkostunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Kynna nýja virkjunarkosti

ORKUMÁL Orkustofnun hefur sent verkefnisstjórn fjórða áfanga rammaáætlunar gögn um 43 nýja virkjunarkosti. Bæst þeir við þá virkjunarkosti sem skilgreindir voru í þriðja áfanga.

Til stóð að afgreiða þriðja áfanga rammaáætlunar á yfirstandandi þingi en vegna COVID-19 faraldursins verður ekkert af því. Orkustofnun hefur því ákveðið að framlengja frest til móttöku virkjunarhugmynda í fjórða áfanga um óákveðinn tíma.

» Af 43 virkjunarkostum sem Orkustofnun hefur sent verkefnisstjórn fjórða áfanga rammaáætlunar eru 34 í vindorku.

Langflestir hinna nýju virkjunarkosta eru í vindorku, eða 34 talsins. Sjö virkjunarkostir eru í vatnsafl og tveir í jarðhita. Vegna óvissu um lagalega stöðu vindorku hefur Orkustofnun ekki farið sérstaklega yfir gögnin um þá kosti.

Meðal vatnsaflskostanna eru áform Landsvirkjunar um stækkun Vatnsfellsstöðvar, Sigöldustöðvar og Hrauneyjafossstöðvar. Samanlagt afl stækkunarinnar er 210 MW.

Stærstu einstöku nýju virkjunarkostirnir eru Klausturselsvirkjun og Lambavirkjun en afl hvorrar virkjunar fyrir sig yrði 250 MW. Það er vindorkufyrirtækið Zephyr Iceland sem er á bak við þær hugmyndir. – sar

Vill færa þinghaldið í Hörpu

Formaður Samfylkingarinnar lagði til að stærri salur yrði fundinn fyrir þingfundi. Hefur áhyggjur af stöðu lýðræðisins vegna aðstæðna. Tryggja þurfi stjórnarskrárbundinn rétt þingmanna til aðhalds.

STJÓRN MÁL „Ég varpaði þessari hugmynd fyrst fram í tölvupóst-samskiptum milli þingmanna, ráðherra og skrifstofustjóra þingsins, fyrir réttum mánuði. Þá var ljóst að þrátt fyrir viðleitni þingsins væru verulegir annmarkar á þinghaldi með tilkomu samkomubanns,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sem lagt hefur til að þingstörfin verði flutt í Hörpu.

Logi spurði hvort það hefði verið skoðað að nota tímabundið annan og stærri sal þar sem nægt pláss væri til að gera þær varúðarráðstafanir sem mælst er til.

„Ég nefndi Hörpu í þessu sambandi. Það hefði verið tilvalið fyrir forseta að stökkva á þessa lausn og nýta sér þær sérstöku aðstæður sem eru fyrir hendi í fámennu landi og fáa þingmenn,“ segir Logi.

Hann beindi síðar erindinu til forsætisnefndar og bað fulltrúa Samfylkingar í nefndinni að fylgja málinu eftir.

„Þar hafi hugmyndinni strax verið hafnað og vísað í að öryggis-gæsla og atkvæðagreiðslur gætu verið flókið úrlausnarefni. Ég vísa öllu slíku á bug og tel að verandi komin um fimmtung inn á tuttugustu og fyrstu öldina væri slíkt einfalt mál,“ segir Logi.

„Ég hafði og hef enn áhyggjur af störfum löggjafans og stöðu lýðræðisins við þessar aðstæður,“ segir Logi aðspurður um ástæður tillögunnar.

Hann nefnir neyðarpakkana sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið. „Það er mikilvægt að sem flestir þingmenn geti farið vandlega yfir þá, bæði til að lagfæra frumvörpin en ekki síður til að sýna aðhald,“ segir Logi en fjöldatakmörkanir í þingsal hafa gert það að verkum að aðeins fáir þingmenn geta tekið þátt í umræðum í þingsal. Samtalið verði því óumflyjanlega takmarkaðra en ella um einhverjar stærstu efna-hagsaðgerðir í sögu lýðveldisins.



Lítill sem engin starfsemi er í Hörpu um þessar mundir vegna samkomubannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég minni líka á að Alþingi þarf á einhverjum tímamarki líka að veita heimildir fyrir öllum þeim útgjöldum sem þetta mun hafa í för með sér,“ bætir Logi við.

Hann bendir á að ríkisstjórnin hafi hvorki óskað eftir aðstoð stjórnarandstöðunnar við mótun aðgerðapakka né veitt henni síbreytilegar bakgrunnsupplýsingar og sviðsmyndagreiningar. „Eðlilegra þinghald gæfi okkur þá að minnsta kosti möguleika á að kalla eftir þeim í þingsal.“

Stærri þingsalur myndi líka þýða minni röskun á þingstörfum. „Jörðin mun halda áfram að snúast eftir þennan tímabundna skell og það er mikilvægt að við sinnum fleiru en bráðaaðgerðum og það er

Ég benti á Hörpu í þessu sambandi. Það hefði verið tilvalið fyrir forseta að stökkva á þessa lausn.

Logi Einarsson



full nauðsyn á að horfa örlítið fram fyrir tærnar á sér og jafnvel líta til framtíðar,“ segir Logi.

Fyrst hugmyndinni hafi verið hafnað þurfi hins vegar að laga verklagið að því þrönga rými sem

þinghúsið bjóði upp á. Það þýði takmarkað þinghald sem skerði óneitanlega þau réttindi sem stjórnarskráin tryggir þingmönnum til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Af þeim sökum sé rétt að takmarka störfin við allra nauðsynlegustu mál tengd COVID-faraldrinum en leitast jafnframt eftir því að gefa þingmönnum færi á að ræða stöðuna almennt og sinna eftirlits-hlutverki sínu með fyrirsögnunum til ráðherra.

„Þetta er bagaleg staða, því ef fólk hefði borið gæfu til að hugsa aðeins meira skapandi og sýna ögn meiri víðsýni gæti Alþingi sinnt störfum sínum og skyldum miklu betur á þessum skritnu og erfiðu tímum,“ segir Logi. adalheidur@frettabladid.is

Eyþing hafnar fullyrðingum Péturs

NORÐURLAND Eyþing (nú SSNE), Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, hafnar mörgum af þeim staðhæfingum sem Pétur Þór Jónasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, hélt fram í viðtali í Morgunblaðinu í vikunni um starfslok sín.

„Stjórn Eyþings hefur aldrei sakað Pétur Þór Jónasson um kynferðislega áreitni á vinnustað, heldur þurfti stjórn að taka til meðferðar kvörtun undirmanns vegna óviðeigandi og ófaglegra samskipta. Orðið kynferðisleg áreitni er frá honum sjálfum komið,“ segir í yfirlýsingu stjórnarinnar. Í viðtalinu sagði Pétur að hann hefði verið kallaður á fund í október árið 2018 þar sem honum hefði verið sagt að upp væri komið „Me too mál“ á hendur honum. Ólíkt því sem Pétur heldur fram segir stjórnin enga sátt hafa náðst á milli Péturs og undirmannsins sem tilkynnti samskiptin.

Var honum boðinn starfslokasamningur á þessum fundi en endaði málið í uppsögn, málsókn Péturs gegn Eyþingi og að lokum dómsátt þar sem Eyþing greiddi honum tæpar 15 milljónir króna. Féll stærsti hlutinn, um 9 milljónir, á Akureyrarbæ.

Í ljósi þess að málinu sé lokið telur stjórnin „óskiljanlegt að framkvæmdastjórinn fyrrverandi haldi áfram að flytja málið opinberlega“, og hafi hún talið sig knúna til að gera athugasemdir.

Fram hafi komið á mörgum fundum að Eyþing hafi lengi glímt



Forsvarsmenn Eyþings vísa fullyrðingum Péturs á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásakanir Péturs Þórs um upplognar sakir sem átyllu til brottrekstrar eiga sér enga stoð í veruleikanum.

Stjórn Eyþings

við rekstrarvanda og óháð úttekt var gerð á innra starfinu. „Ásakanir Péturs Þórs um upplognar sakir sem átyllu til brottrekstrar eiga sér enga stoð í veruleikanum.“

Í viðtalinu segir Pétur að reynt hafi verið að halda trúnað um sáttina, en leynd um málið hafi ekki verið hans ósk. „Þar sem um málefni starfsmanna Eyþings var að ræða taldi stjórn rétt að farið væri með gögn málsins sem trúnaðarmál, en aldrei hefur verið farið fram á að leynd ríki um kostnað,“ segir í yfirlýsingu Eyþings. – khg

Þín stund

Café

PEMANN Eymundsson

AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Fæða Food

Honest organic coffee

ÖLL REIÐHJÓL ERU NÚ ÁN VSK*

ALLTAF

CROSS

16" Ultra

23.999 kr



CROSS

16" Paw Patrol Sky

23.399 kr



CROSS

20" Speedster

34.999 kr



CROSS

20" Alissa

34.999 kr



CROSS

24" Speedster

37.999 kr



CROSS

26" Speedster

39.999 kr



CROSS

24" Alissa

37.999 kr



CROSS

29" GRX 9

89.999 kr



*yfirvöld hafa fellt niður virðisaukaskatt af öllum reiðhjólum undir 200.000 kr.

24

Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

HAGKAUP

Óánægja með nýjan kjarasamning

Kosið verður um kjarasamning hjúkrunarfræðinga í næstu viku. Óánægja hefur skapast um samninginn meðal hjúkrunarfræðinga sem segja vegið að áunnum réttindum og að beint hafi verið til þeirra tilmælum um að ræða samninginn ekki opinberlega.

KJARAMÁL Nýr kjarasamningur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) og samninganefndar ríkisins var undirritaður þann 10. apríl síðastliðinn en þá höfðu hjúkrunarfræðingar verið samningslausir í rúmt ár. Samningurinn, sem á að taka gildi frá aprílbyrjun á þessu ári til loka mars árið 2023, felur meðal annars í sér launahækkun samkvæmt Lífskjarasamningnum um 17 þúsund krónur á þessu ári, ákvæði um nýja launatöflu, endurskoðun stofnanasamninga og hækkun desember- og orlofsuppbóta.

Þá felur samningurinn einnig í sér ákvæði um styttingu vinnuviku hjúkrunarfræðinga og umbreytingu verðmæta í vaktavinnu. Fari svo að samningurinn verði samþykktur verður vinnuvika hjúkrunarfræðinga 36 klukkustundir í stað 40 stunda. Í kynningu á samningnum sem send var félagsmönnum kemur fram að til að hámarksstytting náist verði „grein um matar- og kaffítíma óvirk. Þó verður áfram heimilt að matast en ekki er um formlegt hlé að ræða.“

Mikil óánægja ríkir meðal hjúkrunarfræðinga vegna nýja samnings-



Hjúkrunarfræðingar hafa verið án kjarasamnings í rúmt ár. Kosið verður rafrænt um nýjan kjarasamning þeirra í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ins og hefur skapast um hann mikil umræða á samfélagsmiðlum. Óánægjan snýr meðal annars að ákvæði um styttingu vinnuvikunnar á kostnað matar- og kaffítíma og er það upplifun margra innan stéttarinnar að eitt ákvæði sé selt fyrir annað.

Guðlaug Pálsdóttir, formaður FÍH, segist hafa orðið vör við óánægju félagsmanna sinna en segir hana á misskilningi byggða. Hún segir að hafist hafi verið handa við að kynna samninginn fyrir félagsmönnum og að hún vonist til

Ég kannast ekki við að það sé einhver þöggun í gangi.

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

að þannig takist að vinda ofan af þeim misskilningi.

„Við sáum strax mikil viðbrögð,“ segir Guðbjörg. „Það var í rauninni allt endurskoðað við gerð samningsins þannig að fólk verður auðvitað að horfa á þennan samning með öðrum augum og setja upp ný gleraugu því að stytting vinnuvikunnar, matar- og kaffítímar eru ekki einu verðmætin í þessum samningi,“ bætir hún við.

Verði samningurinn samþykktur tekur ákvæði um stytta vinnuviku ekki gildi fyrr en 1. maí á næsta ári. Óánægja ríkir meðal hjúkrunarfræðinga um það hversu langan tíma muni taka að virkja ákvæðið en Guðbjörg segir ferlið flókið. „Þetta skref sem verið er að taka í styttingu vinnuvikunnar er stærsta

skref sem hefur orðið á vinnumarkaði í yfir 40 ár og það er sérstaklega flókið hjá vaktavinnufólki. Þess vegna tekur það ekki gildi fyrr en að svo löngum tíma liðnum. Það þarf að vinna mikla undirbúningsvinnu svo þetta sé hægt,“ segir Guðbjörg.

Á samfélagsmiðlum hafa ómað raddir hjúkrunarfræðinga sem tala um skert málfrelsi þegar kemur að nýja samningnum og að tilmæli FÍH hafi verið þau að ræða ekki samninginn opinberlega. Guðbjörg segir að félagsmenn hafi einungis verið beðnir um að halda trúnaði um samninginn við aðra hjúkrunarfræðinga. „Þetta er enn ein misskilningurinn,“ segir Guðbjörg.

„Í kynningarmyndbandi um samninginn sem birt var á læstu vefsvæði bið ég fólk að virða trúnað við aðra hjúkrunarfræðinga um þennan samning svo stéttin fái kynningu á honum áður en hann fer út í samfélagið, ég kannast ekki við að það sé einhver þöggun í gangi,“ segir hún. Samningurinn var opinberaður félagsmönnum FÍH síðasta miðvikudag og kynntur félagsmönnum á fimmtudag. Kosið verður um samninginn í næstu viku.

birnadrofn@frettabladid.is

Öryggisíbúðir Eirar til langtíma leigu Grafarvogi Reykjavík



Nokkrar tveggja og þriggja herbergja vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

Eirborgir, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.

Eirarhús, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mótuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16 eða sendið fyrirspurn á netfangið@eir.is



Eir öryggisíbúðir ehf.
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700
milli 8:00 og 16:00 virka daga.



Íslendingar klipptu net breskra togara í þorskastríðinu. MYND/BJARNLEIFUR

Ísland beitti nýlenduspili óspart í áróðursstríði

UTANRÍKISMÁL Nýuppötvuð gögn frá Þjóðskjalasafni Bretlands sýna að Íslendingar beittu sér í Afríku og Asíu á tímum þorskastríðanna og sögðust vera beittir „nýlenduspilnotkun“. Breska dagblaðið Express fann gögnin, þar sem breskir erindrekar lýsa baráttu sinni við Íslendinga í þessu áróðursstríði.

Vitnað er í breskan erindreka sem sat sem áheyrnarfulltrúi á fundi vísindanefndar Afrikusamtakanna (sem ekki eru lengur til) árið 1972 í borginni Ibada í Nígíeríu. Á þeim fundi hafi íslenskur áheyrnarfulltrúi náð vel til Afrikumannanna.

„Þeir (Íslendingarnir) hafa haldið því hér fram að þeir séu að verða fyrir sams konar nýlenduspilnotkun og lönd Afríku og Asíu hafa orðið fyrir áður,“ og bætir við: „Þeim virðist verða ágengt í málflutningi sínum.“

Í gögnunum kemur einnig fram að Íslendingar hafi fyrirhugað að senda erindreka á fund sameiginlegrar lögfræðilegrar ráðgjafanefndar Afríku og Asíuríkja í Lagos, þáverandi höfuðborg Nígíeríu.

Þorskastríðin voru þrjú og eru þessi gögn frá upphafi annars stríðsins, 1972 til 1973. Þá færðu

Þeim virðist verða ágengt í málflutningi sínum.


Ónefndur breskur erindreki

Íslendingar fiskveiðilögsöguna í 50 sjómílu og skipstjórar varðskipa hófu að nota virkklippurnar frægu á breska togara.

Á þessum tíma litu Bretar á Alþjóðadómstólinn í Haag sem hinn rétta vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en samkvæmt gögnunum töldu þeir sig verða að bregðast við áróðri Íslendinga á öðrum vígstöðvum með því að senda eigin fulltrúa.

Það hafi hins vegar gengið illa því að nýlenduspilið hafi virkað vel gagnvart ýmsum Afríku- og Asíuríkjum, sem mörg hver höfðu eigin hagsmuni af útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þessar þjóðir hafi einnig talið alþjóðahafréttarsamninga aðeins hannaða fyrir stóru siglingaþjóðirnar, eins og til dæmis Breta. Fram kemur í gögnunum að í Afríku töldu Bretar líklegast að ná eyrum ráðamanna í Zair (nú Kongó), Gana og Fílabeinsströndinni. – klg

Sýningarsalir **HEKLU** á vefnum eru alltaf opnir



Í **sýningarsal** HEKLU á vefnum getur þú skoðað úrval bíla frá Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi. Þú sérð hvaða bílar eru til frá öllum merkjum HEKLU, hvaða litir og útfærslur eru í boði ásamt því að sjá hvað bílar eru væntanlegir til landsins. Þú getur auðveldlega sent inn fyrirspurn um uppáhalds bílinn þinn og auðvitað líka tekið hann frá og pantað.

Í **vefverslun** HEKLU er einnig að finna mikið úrval aukahluta fyrir bílstjóra, farþega og bílinn sjálfan. Þar getur þú keypt allt frá bílstólum og toppbogum yfir í farangursbox og felgur.

Komdu í heimsókn í **vefverslun** HEKLU, þar sem er alltaf opið.

www.hekla.is/vefverslun



Við hjá **HEKLU** leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum góða þjónustu nú sem endranær. **Allt kapp er lagt á að vernda starfsfólk og viðskiptavini** og fylgjum við tilmælum Landlæknisembættisins um sóttvarnir.

ALLIR VINNA!



Nú er **virðisaukaskattur endurgreiddur** af vinnulið vegna bílaviðgerða. Rétt til endurgreiðslu eiga einstaklingar utan rekstrar og skilyrði er að bifreiðin sé í eigu umsækjanda og greiðanda. Fjárhæð vinnuliðar þarf að ná að lágmarki 25.000 kr. án virðisaukaskatts. Ekki er endurgreitt vegna varahluta eða annarra íhluta.

Heimildin gildir frá 1. mars 2020 og er því afturvirk og gildir út árið 2020. Þeir viðskiptavinir sem komu með bifreið í þjónustu eftir 1. mars geta óskað eftir afriti af reikningi á thjonusta@hekla.is. Hægt er að sækja um endurgreiðsluna á www.rsk.is



SÓTTVARNIR

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að **nýta rafrænar leiðir** í samskiptum við okkur og kappkostum að svara fyrirspurnum eins hratt og auðið er. Sóluráðgjafar HEKLU eru aðgengilegir í síma á opnunartíma í gegnum tölvupóst og netspjall.



AFGREIÐSLUTÍMI

Afgreiðslutími HEKLU breytist tímabundið. Opið er í sýningarsölum HEKLU á milli klukkan 10.00 og 17.00 virka daga en lokað um helgar. Þjónustumóttaka verkstæðis og varahluta er opin milli klukkan 07.45 til 17.30 virka daga.



SNERTILAUS AFGREIÐSLA

Við hvetjum viðskiptavini verkstæðis til að **nýta snertilausa afgreiðslu** með því að **skilja eftir bíllykilinn í læstum skilakassa** sem er við vinstri aðalhurð HEKLU. Þar er umslag sem hægt er að fylla út með nánari upplýsingar en svo má einnig ná í upplýsingablað á www.hekla.is til útprintunar, fylla út og setja með í umslagið. Við tæmum skilakassann reglulega. Eins er hægt að nýta snertilausa afgreiðslu við móttöku með því að ganga frá **greiðslu símléiðis** í síma 590 5030 með greiðslukorti áður en bíllinn er sóttur og fær viðskiptavinur lykilinn afhentan í poka við komu. Í þeim tilfellum er hægt að hringja í síma þjónustuvers eða senda tölvupóst á thjonusta@hekla.is.



VERKSTÆÐI

Á verkstæðinu nota bifvélavirkjar okkar **viðurkenndar varnir** til að vernda sig og viðskiptavini. Áður en starfsmaður sest inn í bílinn er lykill og allt snertisvæði bílsins sótthreinsað, stýri, skiptistöng, handbremsa og hurðarhandföng og einnota ábreiða sett yfir sæti. Fyrir skil er ferlið endurtekið og **sóttthreinsaður lykill** settur í lokaðan poka. Á meðan ástandið varir getum við því miður ekki boðið upp á **skutlþjónustu** en hægt er að leigja bíl á meðan á viðgerð stendur. Í þeim tilfellum gætum við þess að sóttthreinsa bílaleigubílinn vel að innan áður en viðskiptavinur fær bílinn í hendurnar.



SÝNINGARSALIR

Við gætum þess að fylgja kröfum varðandi hreinlæti og sóttthreinsun svæða. **Sóttvarnir** eru aðgengilegar í öllum sýningarsölum okkar og beinum einnig tilmælum til viðskiptavina og starfsfólks að hafa **veggja metra fjarlægð** á milli. Þá hafa allir sýningarsalir HEKLU verið aðskildir til að takmarka óþarfa umferð og þess er gætt að einungis 20 séu samankomnir á hverju svæði í einu.





Sandá hefur verið í leigu Þistla frá árinu 1964. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nærri fjórtán þúsund laxar í tíð Þistla

STANGVEIÐI „Þeir sem ekki þekkja til draga þá ályktun að Þistlar séu annaðhvort að þukrast með upplýsingar eða óreiðan alger. Ekkert er fjær sanni,“ segir Arthur Bogason, formaður Veðiðfélagsins Þistla sem hefur haft laxveiðiána Sandá í Þistilfirði á leigu frá árinu 1964.

Ekki er rétt sem kom fram í blaðinu á fimmtudag að veiðitölum úr Sandá í Þistilfirði hefði ekki verið skilað til Veðimálastofnunar árin 2016 til 2018. Í fréttinni var byggt á upplýsingum á vef Landsambands veiðifélaga sem Arthur kveður ekki réttar, veiðitölum hafi verið skilað inn fyrir fyrrgreind ár eins og öll önnur ár.

Ég hef lagt mikinn metnað í að veiðibækur Sandár séu réttar og snyrtilega færðar.

Arthur Bogason, formaður veiðifélagsins Þistla



„Ég hef lagt mikinn metnað í að veiðibækur Sandár séu réttar og snyrtilega færðar. Auk þess hef ég haldið utan um gagnagrunn með hverjum einasta laxi sem færður hefur verið til bókar frá árinu 1964 ásamt öllum upplýsingum um hvern fisk. Ég veit ekki um neinn hliðstæðan gagnagrunn um íslenska veiðiá og efast um að mörg dæmi séu yfirleitt til,“ segir Arthur og upplýsir að fjöldi veiddra laxa í Sandá frá árinu 1964 sé 13.589 fiskar. –gar

Brexit komið aftur í gang eftir veikindi samningamanna

Viðræður eru að hefjast á ný á milli Bretlands og Evrópusambandsins um framtíðar viðskipta- og réttindasamband. Bretar segjast ekki ætla að sækja um frest í sumar en margir búast við því vegna COVID-19 faraldursins og tafa á viðræðum. Bæði Boris Johnson og Michel Barnier veiktust illa af veirunni.

BREXIT Þó að gervöll heimsbyggðin sé að kljást við voveiflega drepsótt og efnahagslegar hamfarir sem fylgja henni, atvinnuleysi rjúki upp, fólk sé lokað inni á heimilum sínum og samgöngur milli landa liggja niðri, þá er eitt mál sem stoppar ekki. Brexit. Jafnvel þó að Evrópusambandslöndin og Bretland séu þau sem verst hafa orðið úti, og Boris Johnson sjálfur sé nýkominn af gjörgæsludeild. Samningaviðræður munu halda áfram á miðvikudag og Johnson heldur fast við sína tímatöflu. 2020 verður árið sem samningarnir verða að nást.

Bretland yfirgaf formlega Evrópusambandið í lok janúar en framtíðar viðskipta- og réttindasambandið er enn á huldu. Margir skýrendur hafa sagt ómögulegt að ná samningum á innan við einu ári, en um áramótin lýkur svokölluðu aðlögunartímabili. Ýmis deilumál eru uppi og einn mesti hnúturinn að leysa er fiskveiðideilan og hana hverfðist umræðan í janúar og febrúar, áður en COVID-19 setti viðræðurnar á frest.

Ekki var annað hægt en stöðva viðræðurnar í einhvern tíma því ríki heimsins þurftu að gera neyðarráðstafanir. Þá veiktust einnig bæði Johnson og Michel Barnier, aðalsamningamaður Evrópusambandsins. Johnson er kominn af gjörgæsludeild og Barnier er nú fyrst að ná sér eftir mánaðarlöng veikindi.

Hvað Evrópusambandið varðar þurfa ekki að nást samningar á þessu ári. Bretar mega sækja um frest, til annaðhvort eins eða tveggja ára, en hafa til júniloka til þess að sækja um hann. Þrátt fyrir ástandið sem nú ríkir, beggja vegna Ermarsundsins, tilkynnti nýr fjármálaráðherra Bretlands, Rishi Sunak, á þriðjudag að ekki yrði sótt um slíkan frest.

Meira að segja hörðustu Brexit-sinnar í Bretlandi bjuggust við því að landið myndi taka á sig einhvern



Johnson flutti ávarp til bresku þjóðarinnar eftir að hann var útskrifaður af gjörgæsludeild. MYND/EPA

» Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að landsframleiðsla Bretlands skreppi saman um 6,5 prósent en eftirlitsstofnun fjármálaráðuneytisins spáir 13 prósentu samdrætti hagkerfisins á þessu ári.

efnahagslegan skell eftir útgöngu. En nú er ljóst að svartstýnustu Brexit-spár eru dropi í hafið miðað við tollinn sem COVID-19 tekur af landinu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að landsframleiðslan skreppi saman um 6,5 prósent en eftirlitsstofnun fjármálaráðuneytisins spáir 13 prósentu samdrætti hagkerfisins á þessu ári. Búist er við því að allt að tvær milljónir Breta verði atvinnulausar, eða 10 prósent landsmanna. Þá er óvissan um rénun faraldursins gríðarleg. Viðræðurnar hefjast að nýju

með þremur fjarfundum, 20. apríl, 11. maí og 1. júní. Stefnt er á að Boris Johnson og Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, fundi síðan á ráðstefnu um miðjan júní.

Óvíst er hvaða áhrif faraldurinn hefur á viðræðurnar en óumflýjanlegt er að hann geri það með einhverjum hætti. Margir telja að Bretar muni sækja um frest, þrátt fyrir yfirlýsingarnar, og það er það sem hörðustu Brexit-sinnar á borð við Nigel Farage óttast mest og vara við. kristinnhaukur@frettabladid.is

Deit í kvöld? Heima í stofu!



Allt fyrir ostaveisluna eða kósý kvöldið hjá okkur!

KRONAN



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Stefna á að stöðva olíuleka úr El Grillo á næstu vikum

UMHVERFISMÁL Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt tillögu Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, um að grípa til aðgerða sem nauðsynlegar eru til að stöðva olíuleka úr skipsflakinu El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins þar sem segir að ráðist verði í aðgerðirnar á næstu vikum og er áætlaður kostnaður vegna þeirra um 38 milljónir króna.

El Grillo er 10 þúsund lesta breskt



El Grillo liggur í Seyðisfirði.

olíubirgðaskip sem sókkt var árið 1944 í árás þýskra flugvéla í Seyðisfirði. Árið 1952 var olíu dælt úr skipinu og svo aftur árið 2001 þegar rúm 60 tonn af hreinni olíu náðust úr því. Útreikningar þá bentu til þess að 10-15 tonn af olíu væru enn þá eftir í flakinu.

Síðan hefur reynslan sýnt að olía lekur úr flakinu þegar sjór hlýnar á sumrin. Landhelgisgæslan fór í könnunarleiðangur í október síðastliðnum en þá kom í ljós að töluverður olíuleki var úr opi við olíu-

» Áætlað er að kostnaður við framkvæmdina verði tæpar 40 milljónir og ráðist verði í verkið innan tíðar. Talið er að á bilinu 10-15 tonn af olíu séu enn þá í flaki El Grillo.

tanka skipsins vegna tæringar. Því er mikilvægt að bregðast við leknum hið fyrsta til að fyrirbyggja neikvæð umhverfisáhrif í firðinum.

Þær aðgerðir sem nú verður ráðist í felast í því að loka opinu með því að steypa yfir það. Þá verður loka komið fyrir í steypunni sem nýta mætti síðar ef til þess kemur að dæla þurfi úr tankinum. Stefnt er að því að ráðast í aðgerðirnar nú á vormánuðum áður en sjór hlýnar og verður verkefnið á höndum Landhelgisgæslunnar. – hó



Það er mikið að gera á rannsóknarstofum í Wuhan. MYND/EPA

Segja breyttar tölur í Kína ekki feluleik

KÍNA Dauðsföll vegna COVID-19 í Wuhan-héraði eru 50 prósent fleiri en áður var talið. Þetta kemur fram í breyttum tölum sem yfirvöld þar gáfu út á samfélagsmiðlum.

Kínversk yfirvöld útskýra breytinguna á nokkra vegu. Læknar þurftu að setja umönnun í forgang. Það hafi seinkað samantekt á tölum frá spítölum. Einnig er minnst á að margir sýktir hafi dáið heima hjá sér án þess að fá læknaðstoð og því bæst seint við tölfræðina.

Leiðtogar nokkurra vestræna ríkja hafa lýst yfir efasemdum um COVID-19 tölfræði frá Kína.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, sagði í samtali við Financial Times að það væri barnalegt að gefa það í skyn að Kína hefði ráðið betur við faraldurinn en vestræn ríki. – asi



Bókabúðir í Fenejum mega nú hafa opið hluta úr degi. MYND/EPA

Slaka á hörðum útgöngureglum

ÍTALÍA Staðfestum tilfellum COVID-19 á Ítalíu fjölgaði aftur í gær eftir lögð á fimmtudaginn. Ný smit voru 3.786 í gær en daginn áður voru þau 2.667. Það var lægsta tala nýsmits á einum degi síðan 13. mars. Staðfest dauðsföll voru 525 á fimmtudeginum. Nýjustu tölur eru frá John Hopkins-háskólanum.

» Smituðum fjölgaði á nýjan leik á Ítalíu í gær. Litillega hefur verið slakað á útgöngubanni.

Yfirvöld í Veneto-héraði kynntu breytingar á hörðum reglum um útgöngubann. Íbúar mega stunda hreyfingu utandyra en mega ekki fara fjær en 200 metra frá heimili sínu. Verslanir eins og bókabúðir og útmarkaðir mega hafa opið tvo daga í viku. – asi

Boðun til framhaldsaðalfundar í Arion banka hf.

Framhaldsaðalfundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn rafrænt þann 14. maí 2020, kl. 16.00. Hluthafar eru beðnir um að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsíðunni www.smartagm.com. Fundurinn fer fram á íslensku og ensku.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins

- Ákvörðun um greiðslu arðs**
Lagt er til að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé bankans.
- Önnur mál**

Upplýsingar til hluthafa

Endanleg dagskrá, fundarboðun, tillögur og önnur skjöl sem lögð verða fyrir framhaldsaðalfundinn verður að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, eigi síðar en 23. apríl 2020 og verða aðgengileg í höfuðstöðvum bankans frá sama tíma. Ensk þýðing fundargagna verður aðgengileg hluthöfum í höfuðstöðvum bankans sem og á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á framhaldsaðalfundinum, skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan framhaldsaðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 þann 4. maí 2020. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Senda skal slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á framhaldsaðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar.

Framhaldsaðalfundurinn mun eingöngu fara fram á rafrænan hátt, með Lumi AGM snjallforritinu eða Lumi AGM veflausninni. Hluthafar eru hvattir til að sækja Lumi AGM snjallforritið á snjalltæki sitt, t.d. farsíma eða spjaldtölvu, áður en fundurinn hefst, en slíkt tæki eru nauðsynleg til þátttöku í fundinum. Hluthöfum mun gefast kostur á því að spyrja spurninga á fundinum, í gegnum Lumi AGM snjallforritið og veflausnina.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja framhaldsaðalfundinn rafrænt og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir afhenda aðgangsupplýsingar sínar.

Hluthafar sem hyggjast mæta á fundinn þurfa að óska eftir aðgangi fyrirfram á vefsíðunni www.smartagm.com. Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja framhaldsaðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild. Á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Nánari upplýsingar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar, um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu með Lumi AGM og aðrar upplýsingar sem geta átt við, er að finna á vefsíðu bankans. Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar, skulu hluthafar óska eftir aðgangi á vefsíðunni www.smartagm.com eigi síðar en sólarhring fyrir fundinn, þ.e. eigi síðar en kl. 16.00 þann 13. maí 2020.

Sérstök athygli er vakin á því að atkvæðagreiðsla í gegnum Computershare kerfið, sem bankinn hefur áður notað, verður ekki í boði að þessu sinni, heldur mun atkvæðagreiðsla eingöngu fara fram í gegnum Lumi AGM.

Tilkynning til eigenda SDR heimildarskrifteina

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskrifteinishöfum, sem hafa hug á því að taka þátt með rafrænum hætti á framhaldsaðalfundi eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17.00 (CET) þann 8. maí 2020 og framkvæma annað af eftirtöldu:

- Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) í síðasta lagi 8. maí 2020 þar um, eða
- Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en 8. maí 2020.

Frekari upplýsingar um heimildir SDR heimildarskrifteinishafa til að taka þátt með rafrænum hætti á framhaldsaðalfundi og greiða þar atkvæði eða eftir atvikum veita umboð til þess að greiða atkvæði á fundinum er að finna á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, og á vefsíðu Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

Tímabundin takmörkun á yfirfærslu SDR heimildarskrifteina í hluti

Frá og með lokun markaða 8. maí 2020 til og með 14. maí 2020 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskrifteini í eða úr hlutum í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm.



SKOÐUN

Axarskaft



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Það hefur löngum verið sagt að jafnvel þó aðeins þarlendir kjósi forseta Bandaríkjanna, skipti það heimsbyggðina alla máli hvernig þeir ráðstafa atkvæði sínu.

Óhætt er að segja að kjósendum þar í landi hafi tekist betur upp í forsetavalinu en varð nú síðast. Kostirnir voru svo sem heldur ekki neitt sérstakt fagnaðarefni. Og ekki bendir til að breyting verði á því í næstu kosningum sem verða á hausti komanda.

Það er fátt sem leiðir betur í ljós hæfni manna og færni en þegar á móti blæs. Viða um veröld er nú stígninn krappur dans við veiruna sem ólmast yfir lönd og höf. Ekki aðeins er glímt við heilbrigðisögn af hennar völdum heldur efnahagslegar afleiðingar þess að slökkva á heiminum um hríð. Þær hamfarir eru ófyrirsjáanlegar og fjarri því að öll kurl séu komin til grafar í þeim eignum.

Bandaríkjamenn hafa mátt þola þungar búsigfarir vegna þessa alls. Mannfall þar af völdum veirunnar er ótrúlegt og sjá má myndir í fjölmiðlum þar sem látnir eru grafnir í fjöldagröfum í tugavís í senn. Kælivagnar flutningabifreiða fullir af líkum og heilbrigðiskerfið komið yfir þolmörk.

Á það hefur verið benti í fjölmiðlum að forseta Bandaríkjanna hefði mátt vera ljóst í hvað stefndi í byrjun árs. Svo virðist sem þau varnaðarorð hafi verið hunsuð í Hvíta húsinu og í stað þess að efla viðbúnað gerði forsetinn lengi vel ítrekað lítið úr vanni sem að stöðjaði.

Þegar svo gagnrýnisráddir magnast eru viðbrögðin þau að skella skuldinni á það eina verkfæri sem þjódir heims reiða sig á varðandi samstillingu aðgerða milli landa og heimsálfa, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Ekki virðist forsetanum duga að gagnrýna eða jafnvel hallmæla. Nei, hann notar það sem hann veit að mest sviður undan og skjótvirkast er; peninga. Skrófar fyrir fjárframlög til stofnunarinnar rétt þegar mest á riður að hún haldi starfsemi sinni sem mestri og virkasti. Á meðan standa eigi fyrir úttekkt á „slægum viðbrögðum við veirunni og yfirhyllingu á útbreiðslu hennar“ eins og fram kom í ávarpi forsetans í vikunni. Þjóðarleiðtogar víða um heim hafa keppst við að lýsa óánægju sinni með þessa ákvörðun. Nú væri nær að gera hið gagnstæða, efla og styrkja stofnunina í baráttunni.

Audvitað er Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ekki hafin yfir gagnrýni og vafalaust margt þar innan veggja sem lagfæra má, en þetta er ekki rétti tíminn, í miðjum heimsfaraldri, að lama starfsemina. Vafalaust munu menn þegar þetta allt er um garð gengið rýna öll viðbrögð og vinnuferla og lagfæra það sem úr lagi hefur gengið.

Bandaríkin hafa um langa hríð tekið sér stöðu sem lögregla heimsins, haft afskipti af ófriði í fjarlægum heimsálfum og þótt vera þess umkomin að stilla til friðar og leiða mál til lykta, jafnvel með hernaði.

Það er því sérkennileg afstaða forsetans að grípa til aðgerða sem til þess eru fallnar að lama baráttu þjóða heims við kórónavánni. Allt ber það keim af skammtíma- og sérhagsmunum þess sem stefnir brátt á sitt annað kjörtímabil sem einn valdamesti maður heims.

Þrátt fyrir axarsköftin virðist fátt geta breytt því að sú verði niðurstaðan.



Nei, hann notar það sem hann veit að mest sviður undan og skjótvirkast er; peninga.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Sterkara kynið

Síðasta haust fór frétt um heiminn sem eldur í sinu: „Konur eru að deyja að óþörfu,“ var fyrir-sögnin. Fréttin fjallaði um niðurstöður nýrrar rannsóknar Bresku hjartasamtakanna sem sýndi að á tíu ára tímabili hefðu 8.000 konur látið lífið að óþörfu í Englandi í kjölfar hjartaáfalls. Ástæðan var gamalgróin mýta. „Það hefur aldrei gengið betur að meðhöndla hjartaáfall,“ sagði dr. Sonya Babu-Narayan, yfirsérfræðingur samtakanna. „En konur deyja nú að óþörfu vegna þess eins að hjartaáfall eru álitin karlasjúkdómur.“ Leiddi misskilningurinn til mismununar við sjúkdómsgreiningu, meðferð, umönnun og eftirfylgni.

Hjartaáfall eru ekki eini kvillinn sem kenndur hefur verið við karlkynið konum til miska. Í vikunni var sýnd á RÚV heimildarmyndin Að sjá hið ósýnilega. Myndin fjallar um konur með einhverfu, líf þeirra og reynslu. Í myndinni kom fram að stúlkur fá gjarnan seint greiningu á röskuninni sem hefur neikvæð áhrif á heilsu þeirra, líðan og lífsgæði. Ástæðan kann að vera sú sama og þegar kemur að konum og hjartaáfallum. Samkvæmt Francesca Happé, sérfræðingi í einhverfu við King's College háskólann í London, hefur einhverfa verið ranglega álitin „karlmannskvilli“. „Konur eru annaðhvort ekki greindar eða ranglega greindar,“ sagði Happé í nýlegu viðtali.

Karlmenn virðast útgangspunktur alls í veröldinni. Konur fylgja í kjölfarið, aukaafurð eins og Eva sem hent var saman í hálfkæringi úr rifbeini Adams. Dæmin eru mýmörg:

- Í tilraunum á dýrum í læknisfræði eru kvendýr sjaldnast höfð með.
- Lyfjaprófun sem gerð var á áhrifum áfengisneyslu á Viagra fyrir konur var gerð á tuttugu og þremur körlum en aðeins tveimur konum.
- 47% meiri líkur eru á að kona slasist alvarlega í árekstri því sætisbelti og loftþúðar bifreiða eru hönnuð með stærð meðal karlmanns að leiðarljósi.
- Ýtarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum

kolaryks á heilsu námuverkamanna. Nánast engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum krabbameinsvaldandi efna á snyrtistofum sem nagla-snyrtar anda að sér í miklum mæli.

- Lögreglukonur klæðast stunguvestum sem eru hönnuð til að vernda karla.
- 70% meiri líkur eru á að raftæki Google Home skilji karlmansrödd en kvenmannsrödd.
- Í Bretlandi eru fleiri stytur af körlum sem heita John en stytur af konum.

X-litningurinn

Allt frá litlu hlutunum yfir í þá stóru er heimurinn hugsaður út frá sjónarhóli karlkynsins. „Það sem við teljum okkar vita um einhverfu út frá rannsóknum er í raun aðeins það sem við vitum um einhverfu hjá körlum,“ sagði Happé í fyrrnefndu viðtali.

Það hillir þó undir breytingar. Veröldin glímir nú við pestarfaraldur. Tölfræðin sýnir að karlar eru líklegri til að látast af völdum kórónaveirunnar en konur. En hvers vegna? Það veit enginn fyrir víst. En fyrir helbera tilviljun kom út ný bók í miðri farsóttinni sem kann að luma á svári. Bókin ber hinn ógrandi titil: Betri helmingurinn – um erfðafræðilega yfirburði kvenna. Í bókinni leitast læknirinn Sharon Moalem ekki aðeins við að hrekja rötgrónar mýtur um að konur séu veikara kynið heldur sýna fram á að þær séu í raun sterkara kynið: Konur lifa lengur en karlmenn; konur eru með sterkara ónæmiskerfi en karlmenn; líkami kvenna er betri til að kljást við vírusa, sýkingar og krabbamein; konur lifa fremur af farsóttir og hungursneyð; konur sjá fleiri líti en karlar.

Skýringuna á hæfni kvenna til að lifa af telur Moalem vera X-kynlitningurinn: Karlar hafa aðeins einn en konur hafa tvo. Hvetur hann til þess að lækna-vísindin hætti að hunsast líffræðilega velgengi kvenna og reyna þess í stað að beisla hana í baráttunni við að bæta hæfni mannkynsins alls til að lifa af. Að sjá hið ósýnilega getur nefnilega verið öllum til góðs.

BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja

Kynntu þér gott úrval bíla fyrir ferðalagið á notadir.is

SUMARTILBOÐ

Á NOTUÐUM BÍLUM



NOTAÐIR
BÍLAR

500.000 kr. afsláttur



4
ÁR
ASKJA
ASKJA

Verð nú
5.190.000 kr.
Verð áður 5.690.000 kr.

KIA SORENTO EX

Árgerð 2017, ekinn 56 þús. km, dísil, 2199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994199 Staðsetning: Bílaskjarninn Eirhöfða

800.000 kr. afsláttur



Mercedes-Benz Certified

Verð nú
8.990.000 kr.
Verð áður 9.790.000 kr.

MERCEDES-BENZ GLC 250 4MATIC

Árgerð 2019, ekinn 11 þús. km, bensín, 1991 cc, 211 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994274 Staðsetning: Klettháls

330.000 kr. afsláttur



3
ÁR
ASKJA

KIA CEED LX

Árgerð 2016, ekinn 100 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994148 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 1.720.000 kr.

1.390.000 kr.

700.000 kr. afsláttur



Mercedes-Benz Certified

MERCEDES-BENZ B-Class 200 d 4MATIC

Árgerð 2017, ekinn 49 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994208 Staðsetning: Bílaskjarninn Eirhöfða

Verð áður 3.990.000 kr.

3.290.000 kr.

200.000 kr. afsláttur



2
ÁR
ASKJA

KIA PICANTO LX

Árgerð 2015, ekinn 45 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994314 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 1.190.000 kr.

990.000 kr.

360.000 kr. afsláttur



VW

GOLF SPORTSVAN

Árgerð 2016, ekinn 69 þús. km, bensín, 999 cc, 116 hö, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994257 Staðsetning: Bílaskjarninn Eirhöfða

Verð áður 1.750.000 kr.

1.390.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



TOYOTA

LAND CRUISER 150 GX

Árgerð 2017, ekinn 86 þús. km, dísil, 2755 cc, 177 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 440210 Staðsetning: Bílaskjarninn Eirhöfða

Verð áður 7.190.000 kr.

6.790.000 kr.

680.000 kr. afsláttur



Mercedes-Benz Certified

MERCEDES-BENZ CLA 180 d

Árgerð 2018, ekinn 7 þús. km, dísil, 1461 cc, 109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 993882 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 4.970.000 kr.

4.290.000 kr.

680.000 kr. afsláttur



Mercedes-Benz Certified

MERCEDES-BENZ E-Class 220 d All-Terrain

Árgerð 2018, ekinn 18 þús. km, dísil, 1950 cc, 195 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 341247 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 8.670.000 kr.

7.990.000 kr.

260.000 kr. afsláttur



HONDA

CR-V LIFESTYLE

Árgerð 2012, ekinn 123 þús. km, bensín, 1997 cc, 150 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994905 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 1.850.000 kr.

1.590.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



5
ÁR
ASKJA

KIA SPORTAGE EX

Árgerð 2018, ekinn 101 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994849 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 3.690.000 kr.

3.290.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



5
ÁR
ASKJA

KIA OPTIMA SW PHEV LUXURY

Árgerð 2018, ekinn 17 þús. km, bensín/rafmagn, 1999 cc, 157 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994734 Staðsetning: Bílaskjarninn Eirhöfða

Verð áður 4.690.000 kr.

4.290.000 kr.

300.000 kr. afsláttur



4
ÁR
ASKJA

KIA CEED SPORTSWAGON

Árgerð 2017, ekinn 68 þús. km, bensín, 998 cc, 100 hö, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 994913 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 1.990.000 kr.

1.690.000 kr.

770.000 kr. afsláttur



TOYOTA

AVENSIS LIVE STW

Árgerð 2017, ekinn 48 þús. km, bensín, 1798 cc, 147 hö, beinskíptur, framhjóladrifinn.

Raðnúmer: 993934 Staðsetning: Klettháls

Verð áður 2.760.000 kr.

1.990.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxlí



notadir.is

Kletthálsi 2 og Bílaskjarninum Eirhöfða 11
110 Reykjavík · Sími 590 2160

Opnunartímar
Mán-fim 10–18, fös 10-17, lau 12–16

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarsson, Bílás, Bílver, Bílasala Selfoss, BVA, Höldur

*Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með vörukenndum Mercedes-Benz.
**Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefrit, sem kúpann ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðna á www.kia.com/abyrgd.

MARIBO LÍNAN

20%

AFSLÁTTUR



MARIBO

U-sófi

Stærð: 208 x 306,5 x 78,5 cm

164.993 kr. ~~219.990 kr.~~

IDdesign

VISTA

Skápar og skenkar úr svörtu járni með glerhurðum – nokkra gerðir.



Skápur með 4 hurðum

Stærð: 105 x 43 x 180 cm

167.992 kr. ~~209.990 kr.~~



Skápur/skenkur með 6 hurðum

Stærð: 183 x 43 x 90 cm

111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

MARIBO

Skemmtileg ný sófalína á góðu verði. Fáanlegir 3 litir í áklæði, dökk og ljósgrár og blár. Þægilegur stíffleiki í sæti og baki. Í línunni eru fáanlegir 2ja og 3ja sæta sófar, hornsófar, tungusófar og u-sófar. Einnig stólar og skemlar og hnakkapúðar.



MARIBO

Hornsófi 2H2:

Stærð: 256,5 x 256,5 x 78,5 cm

134.993 kr. ~~179.990 kr.~~



MARIBO

Tungusófi

Stærð: 237 x 139 x 78,5 cm

104.993 kr. ~~139.990 kr.~~

Hnakkapúði

11.243 kr.

~~14.990 kr.~~



MARIBO

stóll

Stærð: 92 x 86 x 78,5 cm

48.743 kr. ~~64.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

FRIDAY

Tungusófi. Þéttur, þægilegur og rúmgóður sófi með háu baki og góðum bakstuðningi. Tungan er færánleg frá vinstri til hægri. Grátt, dökkgrátt og ljósbrúnt Bari áklæði. Stærð: 252 x 175 x 91 cm

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

FRIDAY

Fjölskyldusófinn. Sérlega þægilegur og rúmgóður u-sófi. Hátt bak og góður bakstuðning. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

223.992 kr. ~~279.990 kr.~~



LYNN

Flottir barstólar frá Riverdale. Tveir litir í sléttflaumi. Mintugrænn og Caramel gulur.

18.392 kr. ~~22.990 kr.~~



CUBO

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194x140x13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár.

142.425 kr.

~~189.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

Reykjavík 12 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 12 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 30. apríl eða á meðan birgðir endast

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT HEIMA

— VIÐ KOMUM TIL ÞÍN —



SANDVIG

Við kynnum nýtt matarstell frá Broste Copenhagen. Sandvig stellið er innblásið frá litla bænum Sandvig á dönsku eyjuni Bornholm. Útlitið endurspeglar ströndina með mjúkri lögun og náttúrulegum lit. Hver hlutur er handgerður og einstakur.



Eva Solo Cool/Thermo flaska.
Heldur bæði heitu og köldu.
0,7 lítra **8.990 kr.**



Bitz glerflaska
með smellutappa
1,2 lítra **3.590 kr.**



littala Miranda
skál 145 mm
nokkrir litir.
6.990 kr.



Loftljós
7.992 kr.
~~9.990 kr.~~



Tígrispúði 45x45 cm
frá Eightmood
8.990 kr.



Sambora púði 60x60 cm
frá Eightmood
9.990 kr.



Nordal glerkrukka
m/loki 7 lítra glær.
7.990 kr.



Nordal nestisbox
úr stáli
3.590 kr.



Riverdale Beau skammel m/geymslu, nokkrir litir.
15.992 kr. -19.990 kr.



Hægindastóll
31.992 kr.
~~39.990 kr.~~



HAFÐU ÞAÐ
NOTALEGT HEIMA
— VIÐ KOMUM TIL ÞÍN —



— SENDUM FRÍTT —



Dómarar eru regluverðir hins fagra leiks. Það getur reynt á þá, enda sumar reglur fótboltans flóknar. Fáar reglubreytingar hafa orðið á leiknum undanfarin ár. MYND/GETTY

Reglubreytingar sparkspekinga

Nú þegar allur fótolti er stöpp er gott að líta yfir regluverkið og athuga hvort breytinga sé þörf á reglunum í þessari fögru íþrótt. Fréttablaðið fór á stúfana og fékk nokkra góða sparkspekinga til að rýna í reglurnar og leggja til nauðsynlegar breytingar á þeim.



Hjörvar Hafliðason

sparkspekingur
Ég myndi afnema markspyrnuna. Þegar andstæðingur setur boltann aftur fyrir endamörk myndi markvörður þá taka boltann upp eins og við þekkjum úr handboltanum til dæmis og þyrfti að losa sig við hann á innan við sex sekúndum. Því margir markmenn eru góðir í, og ég var það sjálfur, að gefa sér um mínútu í markspyrnu. Stilla boltanum upp, græja einhvern hól, græja þetta og gera hitt. Svo er aldrei byrjað að spjalda þá fyrr en seint í síðari hálfleik. Ég held að þetta yrði fótoltanum til heilla.

Ásta Eir Árnadóttir

landsliðskonan í fótbolta
Ég væri til í að hætta með upp-bótartíma. Gera þetta frekar eins og þeir í bandaríska háskólaboltanum. Þegar 10 sekúndur eru eftir



af leiknum þá hefst niðurtalning í kallkerfinu. Margt getur gerst á þessum 10 sekúndum og mikil dramatik og spenna myndast, sérstaklega ef leikurinn er jafn. Tala nú ekki um eflendið þitt skorar á síðustu sekúndunum. Það er veisla.



Tómas Þór Þórðarson

ritstjóri Enska boltans á Símanum
Ég varð svolitinn skotinn í þeirri hugmynd um daginn sem ég las um að það mætti rekja boltann

úr horni. Það myndi aðeins breyta dýnamíkinni í kringum hornspyrnu og halda mönnum á tánum. Það þarf ekki alltaf að gera 40 sekúndna hlé á leiknum og bíða eftir að turnarnir mæti. Þetta yrði ekki allt jafn fyrirsjáanlegt.



Baldur Sigurðsson

leikmaður FH og verkfræðingur
Það eru tvær breytingar sem eru mér ofarlega í huga. Annars vegar að fá gullmark í framlengingu aftur inn. Úrslitaleikurinn á milli Frakka og Ítalíu á EM 2000 situr enn í minningunni sem einn skemmtilegasti úrslitaleikur sem ég hef séð. Það er eitthvað heillandi við það að næsta mark tryggji sigur þegar komið er í framlengingu. Svo þarf að fara að taka miklu harðar á leikaraskap hins vegar. Komi í ljós að lið hafi hagnast á leikaraskap á að setja viðkomandi leikmann í minnst 3 leikja bann.



Linda Þórðardóttir

í barna- og unglingaráði FH
Taka í burtu heimavallarregluna í framlengingu í útsláttarleikjum.



Orri Freyr Rúnarsson

umsjónarmaður Sportrásarinnar á Rás 2
Þar sem þetta er mitt eina tækifæri til að hafa varanleg áhrif á íþróttina

ákvað ég að hugsa stórt. Fæstum finnst skemmtilegt að horfa á leiki sem enda 0-0, það er auðvitað hægt að dást að öguðum varnarleik og öflugri taktík þjálfara en flestir kjósa frekar fjöruga markaleiki. Þess vegna hef ég ákveðið að framvegis megi markmenn ekki nota hendur ef staðan er 0-0 og komið fram í uppbotartíma. Þetta myndi leiða til þess að drepleiðinlegir leikir myndu allavegana fá alvöru endasprennt.



Stefán Árni Pálsson

blaðamaður á Vísi
Byrjum á því að leyfa mönnum að rífa sig á kassann eftir mark. Það er gjörsamlega óþolandi að menn fái gult spjald fyrir að sýna smá ástríðu. Svo ef ég á að vera mjög drastískur þá væri ég bara til hætta bara með jafntefli. Framlengja og vító, alltaf.



Sævar Pétursson

framkvæmdastjóri KA

Það fyrsta sem þér dettur í hug er tímaregla á innköst/horn. Þegar leikmaður liðs hefur fengið boltann í hendurnar þá hefur leikmaður max 10 sekúndur til að koma bolta í leik. Ef það tekst ekki fær andstæðingurinn boltann. Þetta myndi tryggja að boltinn væri meira í leik, auk þess kæmi þetta í veg fyrir leiðinlegar leiktafir sem við sjáum því miður allt of mikið í dag. Burtu með þetta og áfram með leikinn.



Dagur Sveinn Dagbjartsson

starfsmaður KSÍ

Ef ég væri alráður og gæti breytt reglum leiksins, þá myndi ég breyta þegar dómariinn flautar aukaspyrnu eða vítaspyrnu, þá mega leikmenn í brotlega liðinu ekki snerta boltann og eiga að láta hann vera. Sams konar regla og er í handbolta og körfubolta.



Alex Ferguson var tímavörður af guðs náð og stýrði upp-bótartímanum með glæsibrag. Uppbótartíminn er þó ekki gefinn upp á vellinum, aðeins heima í stofu.

ákveðinn tíma (30 sekúndur) og ef það er ekki augljós rangstaða þá á sóknarmaðurinn að njóta vafans.



Elvar Geir Magnússon

ritstjóri fótbolli.net

Eina sem fer í taugarnar á mér er að opinbera ekki uppbotartíma á vellinum. Færð bara að vita hvað tímanum liður ef þú ert heima í stofu en ekki ef þú mætir á völlinn.



Gunnar Gunnarsson

ritstjóri Austurfrétta

Róttækasta hugmyndin mín væri að senda menn í 10 mínútna kælingu fyrir gult spjald. Við reyndum þetta í austfirsku utandeildinni fyrir nokkrum árum, með góðum árangri að mínu viti. Ég held að þetta fækki taktískum brotum og nær útrými kjaftbrúkinu. Það er enginn að fara að afla sér óvinsælda liðsfélaganna fyrir að hafa ergt dómariinn með þeim afleiðingum að liðið fékk á sig sigurmark meðan hann var í kælingu.



Gylfi Sigurðsson ræðir við dómariinn. Kannski vill hann breyta einhverju.



Garðar Gunnlaugsson

fyrirverandi markakóngur

VAR í núverandi mynd er engan veginn að ganga. Allavega ekki á Englandi. Það tekur of langan tíma að komast að niðurstöðu og niðurstaðan er enn þá háð geðþótta. Og ef VAR er komið til að vera, þá þarf að breyta rangstöðureglunni. Þetta ætti að vera ferli sem fær bara

ÓDÝR NOTUÐ SKRIFSTOFUHÚSGÖGN!



20.000 kr. (án vsk.)
24.800 kr. (m. vsk.)



Heimaskrifstofa


28.000 kr. (án vsk.)
34.720 kr. (m. vsk.)



13.000 kr. (án vsk.)
16.120 kr. (m. vsk.)



30.000 kr. (án vsk.)
37.200 kr. (m. vsk.)



Fundarborð 10 manna

75.000 kr. (án vsk.)
93.000 kr. (m. vsk.)





35.000 kr. (án vsk.)
43.400 kr. (m. vsk.)

Fyrir vinnustaðinn eða heimaskrifstofuna

Skrifborð • Stólar • Fundarborð • Rafmagnsskrifborð • Skúffuskápar • Hillur og margt fleira

Kynntu þér úrval og verð á www.efnisveitan.is



 EFNISVEITAN

Sími: 8981000
www.efnisveitan.is
www.facebook.com/efnisveitan

ENDURNÝTUM & SPÖRUM
Efnisveitan miðlar fyrir fyrirtæki og stofnanir

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Stefán hefur fyrir löngu vakið athygli fyrir hæfileika sína á tónlistarsviðinu en hann á ekki langt að sækja færnina enda sonur Magnúsar Eiríkssonar, eins ástsælasta lagahöfundar og tónlistarmanns þjóðarinnar. Nú þegar stór hluti landans situr heima og fylgist með tónleikum Helga Björns og félaga dylst engum að þarna er á ferðinni einn af okkar bestu gítarleikurum.

Stefán hefur starfað við tónlist um árabíl og þó að hann hafi lagt fyrir sig gítarleik er hann liðtækur á fleiri hljóðfæri. „Já, ég spila náttúrulega líka á bassa og smá á píanó og smá á trommur,“ segir Stefán aðspurður og bætir við: „Já, svo á mandólín og banjó og munnhörpu en það er aðallega gítarinn sem ég einbeiti mér að,“ segir hann hógvæ. Kannski hefði verið vænlegra að spyrja Stefán hvað hann treystir sér ekki til að leika á: „Ég er ekki sleipur á saxófóna, trompet og þessi göfugri blásturshljóðfæri. Ég á svoltið eftir að stúdera þau.“

Stefán hefur frá árinu 1997 leikið með hljómsveitinni Geirfluglum sem kemur alltaf fram öðru hvoru og gaf nýverið út geisladiskinn Hótel Núll, en samstarf hans og Helga Björns með SSSól og síðar Reidmönnum vindanna hófst fyrir um 17 árum.

Alltaf mikið líf í kringum Helga

„Það er alltaf mjög mikið líf í kringum Helga enda sérlega framtaksamur og duglegur listamaður sem er alltaf með eitthvað spennandi á prjónunum.“ Auk þess að leika með Helga í tveimur hljómsveitum leika þeir oft tveir saman í veislum. „Þá spilum við styttra prógramm, hann er „aðal“ og ég svona eins og Sancho Panza,“ segir hann í léttum tón.

Hugmyndin að „Heima með Helga“ fæddist þegar hljómsveitin var stödd á Akureyri að spila á Græna hattinum og umræðan um samkomuhöft var að hefjast. „Á leiðinni aftur í bæinn byrjaði síminn hjá Helga að hringja þar sem verið var að afbóka alls konar tónleika og uppákomur á næstunni.

Við félagarnir fórum strax að ræða það hvernig framhaldið yrði og þá fæddist þessi hugmynd hjá Helga að vera með eins konar streymistónleika á netinu og okkur leist auðvitað vel á það. Í upphafi var bara miðað við þetta eina skipti en svo voru viðtökurnar undir eins svo góðar að ákveðið var að halda bara áfram og við erum enn að.“

Eins og parti heima í stofu

Tónleikar eru á dagskránni nú í kvöld og um næstu helgi. „Við klárum alla vega samkomubannið en svo vitum við ekki meira, sjálfir gætum við haldið áfram endalaust.“ Vinsældir uppákomunnar hafa verið gríðarlegar. „Það óraði engan fyrir þessum vinsældum og það hefur verið stórkostlegt að sjá hversu mikið áhorfið er. Þetta er



Stefán Már hefur leikið með Helga Björns í um 17 ár en segir viðbrögðin aldrei hafa verið eins sterk og við stofutónleikumum. MYND/MUMMI LU

Klárurum alla vega samkomubannið

Gítarleikarinn **Stefán Már Magnússon** hefur vakið verðskuldaða athygli þegar hann hefur mætt inn í stofu landsmanna undanfarin laugardagskvöld ásamt Helga Björns og fleiri listamönnum.



Helgi Björns og eiginkona hans Vilborg Halldórsdóttir bregða á leik með söngkonunni Ragnheiði Gröndal sem var gestur nýlega. MYND/MUMMI LU

orðið stór partur helganna hjá fólki hvar sem það er statt; hvort sem það er í heimahúsi, búsett erlendis eða uppi í sumarbústað. Það er Heima með Helga á laugardögum og lærið á sunnudögum,“ segir Stefán.

„Hálfgærdur forréttindapési

Stefán hefur ekki farið varhluta af viðbrögðunum sem hann segir mun meiri en þeir hafi vanist. „Við erum búnir að halda böll og tónleika úti um allar koppagrundir en þetta virðist kalla fram mikið sterkari viðbrögð. Ókunnugt fólk er að stoppa mann úti á götu og úti í búð og þakka fyrir þættina. Það hafa verið mikil forréttindi að taka þátt í þessu og finna hversu sterk áhrif þetta hefur haft á fólk. Ef maður skoðar það í samhengi við þá tíma sem við erum að upplifa getur maður ekki annað en hugsað að maður sé hálfgærdur forréttindapési að geta gert líf fólks skemmtilegra eða betra á einhvern hátt.“

Mikil leynd ríkir hverja helgi yfir því hverjir séu gestir Helga og hans fólks heima í stofu. „Helgi er kaft-einninn á þessari skútu og sér um að setja saman dagskrá hvers þáttar. Leynigestirnir eru í raun leynigestir fyrir okkur í hljómsveitinni líka alveg fram að deginum fyrir tónleika þegar við mætum á æfingu,“ segir Stefán, sem er sannfærður um að hluti vinsældanna sé fjölbreytni gestavalsins að þakka.



VIÐ ERUM BÚNIR AÐ

HALDA BÖLL OG TÓNLEIKA

ÚTI UM ALLAR KOPPA-

GRUNDIR EN ÞETTA VIRÐ-

IST KALLA FRAM MIKIÐ

STERKARI VIÐBRÖGÐ.

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is

Hlusta.is


Þúsund og ein nótt

Ókeypis um tíma

ÓBREYTT VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!

Bílabúð Benna hækkar ekki verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.



Gengi íslensku krónunar á vef Landsbankans 17. apríl, 2020.



Bíll með fyrirvara um mynd- og textabreytingar



Rexton - 4x4 jeppi ársins

7 manna, hátt og lágt drif, byggður á grind,
3 tonna dráttargeta

Óbreytt verð frá:

7.990.000 kr. sjálfskiptur



Tivoli 4x4

Fjór hjóladrif m/læsingu

Óbreytt verð frá:
4.290.000 kr.



Ampera-e 60 kwh

100% rafmagn og nóg pláss

Óbreytt verð frá:
4.590.000 kr.



Grandland X

Þýsk gæði og mikill búnaður

Óbreytt verð frá:
4.490.000 kr.



Combo Cargo

Sendiferðabíll ársins

Óbreytt verð án vsk. frá:
2.572.581 kr.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Alma fékk blóðsýkingu af völdum heilahnubólgu árið 1994 sem olli alvarlegu drepri í útlimum. Hún lá inni á sjúkrahúsi í rúmlega hálf ár og þurfti að taka af báðum fótum fyrir neðan hné og framan af níu fingrum. „Ég var að vissu leyti heppin að vera bara 17 ára þegar þetta gerðist þar sem ég var að færast frá því að vera barn yfir í fullorðinn einstakling sem mér skilst að hafi aðstoðað við líkamlegan bata. Það var allt að endurnýja sig en veikindin höfðu gífurleg áhrif á öll líffæri líka.“

Alma hafði alltaf stundað íþróttir svo hún var í góðu líkamlegu formi og það vann einnig með henni í batanum sem gekk vel. „Mér lá rosalega á að komast aftur út í lífið með vinum mínum. Við fjölskyldan bjuggum í Ólafsvík en í kjölfar veikinda minna þurftum við að flytja til Reykjavíkur, foreldrar mínir þurftu að skipta um starf og systkini mín um skóla svo þetta var mikið rask og álag fyrir alla fjölskylduna.“

Alma stundaði nám við Menntaskólann á Laugarvatni og gat ekki beðið eftir að komast aftur á sinn stað sem hún og gerði þó að útskrift hafi seinkað um tvö ár. „Þar var ég hluti af litlum kjarna sem hélt vel utan um mig. Það hjálpaði mér líka að vera ung og kærulaus. Það var bara svo gaman að vera til. Ég ætla þó auðvitað ekki að fara að segja að þetta hafi ekki haft áhrif. Sjálfsöryggið óx að einhverju leyti en minnkaði að öðru leyti. Maður var óöruggur með þetta nýja útlit og hugsanagangur minn breyttist gífurlega.“

Þurfti að læra allt upp á nýtt

Endurhæfingin tók eðlilega tíma og vegna vöðvarýrnunar var Alma orðin ekki nema 40 kíló. „Ég hafði enga krafta og þurfti að læra allt upp á nýtt, til dæmis að tannbursta mig.“ Það var þó snemma markmið Ólmu að þurfa ekki að nota hjólastól og fékk hún gervifætur frá Össuri sem henni gekk vel að nota.

Eftir útskrift úr menntaskóla var Alma leitandi og dvaldi tvisvar um hrið í Frakklandi auk þess að prófa tvenns lags nám við Háskóla Íslands en það var svo í miðju bankahruni 2008 að Alma skráði sig í lögfræði við Háskólann á Bifröst. „Eftir námið vann ég í tvö ár og fór svo í sérhæfða mastersgráðu í litlum bæ á vesturströnd Írlands.“ Námið heitir á frummálinu „International and Comparative Disability Law and Policy“, og mætti mögulega þýða sem fötlunarlögfræði.

Eftir heimkomu fór Alma að vinna fyrir Öryrkjabandalag Íslands þar sem hún er enn. Þó að Alma jánki því að reynsla hennar hafi gert það að verkum að hún sérhæfði sig á þessu sviði bætir hún við að það hafi þó aldrei verið ætlunin. „Mér var eiginlega ýtt út í þetta. Þó ég hafi snemma fundið að mannréttindavinkillinn höfðaði til mín þá blundar enginn aktivisti í mér enda hefur mín fötlun engin áhrif á mitt daglega líf.“

Alma er elsta barn foreldra sinna en hún á bæði yngri systur og bróður. Hún segir baráttuandann vera sér í blóð borinn enda hafi fólk í hennar fjölskyldu oft á tíðum þurft að hafa ærlega fyrir hlutunum. „Foreldrar mínir voru duglegir að hvetja mig áfram en ögra um leið, með mykt. Ég á fjölskyldunni mikið að þakka og við erum mjög náin,“ segir Alma.

Fædd eftir 28 vikna meðgöngu

Alma eignaðist dótturina Ásthildi árið 2017 en hún var lögð inn viku fyrir fæðingu hennar vegna alvarlegrar meðgöngueitrunar, þá komin 27 vikur á leið. „Ég fékk sterasprautur og var markmiðið að ná 34 vikna meðgöngu en það varð snemma ljóst að það myndi ekki takast. Það var svo fimmtudaginn 15. júní að



Ég er ekkert ein

Alma Ýr Ingólfssdóttir eignaðist fyrir þremur árum dótturina Ásthildi sem lifði aðeins í sex vikur. Buguð af sorg hélt Alma að hún myndi aldrei finna hamingjuna á ný en hún birtist svo sannarlega í syni hennar, Bjarkari Sigrí, sem þó átti aldrei að geta orðið til.

ljóst var að ástandið var farið að verða hættulegt, blóðþrýstingurinn lækkaði ekki þrátt fyrir lyfjagjöf og bæði lifur og nýru voru farin að kvarta og þá fær maður ekkert val.“

Það eina sem hægt er að gera til að losna við meðgöngueitrun er að fæða barnið svo það var ákveðinn léttir þegar ákveðið var að taka hana með bráðakeisara. Hún virtist líka standa sig vel og það eina sem háði henni var smæðin enda var hún hætt að fá næringu frá ónýtri fylgjunni.

Keisarinn gekk vel og hún gerði allt sem hún átti að gera, grét hraustlega þrátt fyrir að vera aðeins 812 grömm. Ásthildur lá á vöku-deild í sex vikur en Alma fór heim viku eftir fæðingu. „Auðvitað grét ég þegar ég þurfti að fara heim á kvöldin en ég treysti starfsfólkinu fullkomlega. Vökudeild er svo fallegur staður og starfsfólkið ein-

hverjar hinnaverur sem eru búnar til úr einhverju allt öðru en við hin.“

Óttinn staðfestur

Alma hafði verið í viku heima eftir fæðingu dótturinnar þegar hún fékk erfitt símtal. „Ásthildur hafði þurft aukinn öndunarstuðning þennan dag en um kvöldið fæ ég svo símtalið þar sem mér er sagt að hún sé orðin veik og það þurfi að setja hana í öndunarvél. Það var strax ljóst að þetta væru erfið og alvarleg veikindi. Grunur lék á að um væri að ræða NEC (e. necrotizing enterocolitis), veikindi sem fyrirburar fá stundum og nýburalæknað óttast mest, bólgur og sýking í smáþörmum.“

Sá grunur reyndist því miður réttur og segir Alma að við hafi tekið brattar brekkur en allir hafi þó trúað því að veikindin myndu ganga yfir. „Það komu göðir og



ÞÁ VISSI MAÐUR ALVEG Í

HVAÐ STEFNDI OG OKKUR

VAR HÆGT OG RÓLEGA

TILKYNNT AÐ EKKERT

VÆRI LENGUR HÆGT AÐ

GERA.

slæmir dagar og hún þurfti að fara í tvær stórar aðgerðir til að reyna að bjarga smáþörmunum en ekki er hægt að lifa með minna en helming þeirra. Það gekk allt vel og hún var að braggast, að við höldum. Svo

kom í ljós að smáþarmarnir voru ónýtir. Þá vissi maður alveg í hvað stefndi og okkur var hægt og rólega tilkynnt að ekkert væri lengur hægt að gera.“

Kært foreldrasamband

„Það var á sannudegi sem okkur var sagt að þá tæki við líknandi meðferð,“ segir Alma og á þá við sig og barnsföður sinn. „Við vorum í foreldrasambandi og samstíga í ákvörðunum frá degi eitt,“ útskýrir Alma og á þá við að þau foreldrarir hafi ekki verið í eiginlegu parasambandi. „Það er mér ofboðslega kært því við erum auðvitað tvær manneskur sem upplifum hlutina ekki á sama hátt.“

Undir þessum kringumstæðum hugsar maður ekki alveg rökrétt og upp komu hugsanir eins og hvort verið sé að gera nóg. Svo áttar maður sig á því að það komst ekkert annað að hjá sérfræðingunum en að gera allt sem hægt var. Ég fékk að vera hluti af teyminu sem mér þótti mikilvægt. Ég er þannig gerð að ég þarf að vita allt og vil frekar að mér sé sagður blákaldrur sannleikurinn frekar en að það sé verið að krúsi-dúllast í kringum hlutina.“

Stórt nafn á elskaða valkyrju

Alma segir ekki hægt að lýsa tilfinningunni við að fá slíkar fréttir. „Ég veit ekki hvernig ég ætti að lýsa tilfinningunni, það hverfur allt. Tilfinningin er ísköld. Skynfærin margfaldast, öll hljóð verða of há og bæði birtan of skær og myrkið yfir-



„Normið er auðvitað að tveir einstaklingar geri þetta saman en það var hreinlega ekki í boði þarna,“ segir Alma sem eignaðist son sinn með gjafasæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Nafn sonarins Bjarkar Sigur er í höfuð beggja foreldra Ölmu.

þyrmandi. Það verða svo skörp skil í öllu, sama hvort það er áþreifanlegt eða tilfinning inni í manni.

Við höfðum aðstöðu síðustu vikuna á Barnspítalanum þar sem við gátum verið allan sólarhringinn. Það gaf manni meira að fá að vera í næsta herbergi en að fara heim. Helst vildi ég bara sofa við hlið hitakassans allan tímann.“

Þremur dögum eftir að Ásthildur var sett á líknandi meðferð þurftu foreldrar hennar að kveðja hana.

Alma og barnsaðir hennar völdu nafnið Ásthildur á dóttur sína. „Nafnið passaði þessari litlu valkyrju sem gaf af sér alla þessa ást. Þetta er stórt og mikið nafn sem sáemir henni fullkomlega.“ Foreldrarnir fengu góðan tíma til að kveðja og segir Alma það hafa verið henni mjög mikilvægt. „Ég fann fyrir miklum kærleik og virðingu frá starfsfólkinu og það hjálpaði mér.“

Erfiðar tilfinningar gerðu vart við sig eftir missinn. „Ég var endalaust að kenna mér um, það tók mig mjög langan tíma að hætta að kryfja og spyrja. Vigfús Bjarni sjúkrahússprestur nágaðist mig á réttan hátt og myndaði frekar vinasamband við mig heldur en sem prestur og skjólstaðingur. Ég fékk að leita til hans lengi og það hjálpaði mér gríðarlega við að leysa þær hugsanavillur sem yfirtóku oft skynsemina.“

Ískaldur veruleikinn

„Þegar ég var enn inni á vökudeild fannst mér ég hafa tilgang. En þegar



ÞEGAR ÉG VAR ENN INNI

Á VÖKUDEILD FANNST

MÉR ÉG HAFI TILGANG.

EN ÞEGAR ÉG SVO VAR

KOMIN HEIM ÁN HENNAR

VAR ENGINN TILGANGUR.

ég svo var komin heim án hennar var enginn tilgangur. Þá tók ískaldur veruleikinn við. Hún lifði í sex vikur svo þegar ég kom heim hefði ég í raun enn átt að vera ólétt, komin 34 vikur. Það var sumar og allt svo fallegt og allir í svo góðu skapi, sem passaði ekkert við minn raunveruleika.“

Ásthildur lést þann 26. júlí og segir Alma lok sumarsins og haustið allt vera í móðu. „Ég gat ekki gert neitt, það var allt svo dofið og skritið. Eftir á að hyggja hefði ég ekki einu sinni átt að keyra bíl. Skynfærinn voru brengluð og mér fannst ég eiga að vera að sinna barninu mínu. Ég einsetti mér þó að hafa eitthvað fyrir stafni og hafði gríðarlega þörf fyrir að fara að leiðinu hennar og hafa það fint. Það náði mér fram úr. Fjölskylda og vinkonur mínar voru dugleg að koma; gráta með mér og hlæja með mér og stundum bara vera.“

Foreldrar Ölmu skiptust á að gista hjá henni lengi vel og segist hún ævinlega vera þeim þakklát fyrir það. „Ég er mjög rik af fólki, fjölskyldu og vinum.“ Alma segir það ekki hafa hentað sér að leita til sálfræðings á þessum tíma heldur hafi hún þurft að fá að dvelja í sorginni. „Ég eignaðist þessa stúlku og ég verð alltaf mamma hennar. Mitt fólk talar um hana og að heyra einhvern segja nafnið hennar gefur mér rosalega mikið.“

Glasameðferð með gjafasæði

Alma segist strax hafa verið staðráðin í að gefa Ásthildi systkini. Það hafi þó haft áhrif að vita að hún væri í áhættuhópi vegna meðgöngueitrunar. „Ég var með góðan fæðingarlækni sem fylgdi mér allt ferlið og þegar hún gaf grænt ljós ákvað ég að fara í það ferli að eignast annað barn. Þá kom annar skellur. Bjarkar Sigur átti í rauninni ekki að geta orðið til,“ segir Alma og er þá að tala um son sinn sem nú er rúmlega 10 mánaða. „Ég fékk þær fréttir að ég væri haldin óútskýranlegri ófrjósemi. Það voru í raun litlar sem engar líkur á því að ég gæti orðið barnshafandi.“

Þetta var mér mikið áfall. En ég hugsaði að ef ég léti ekki á þetta reyna myndi ég alltaf sjá eftir því. Ég lét því slag standa og fór ein í gegnum glasameðferð með gjafasæði frá Danmörku. Ég sá fyrir mér að þetta yrði svolítið rómantískt ferli, ég sæti á sumarvöldi með vinkonum og færi í gegnum upplýsingar um mögulega sæðisgjafa. En raunveruleikinn var ekki þannig, ég fór í gegnum þetta í ákveðinni örvæntingu, hágrátandi með það að leiðarljósi að þetta væri hvort eð er ekkert að fara að gerast. Ég bara þyrfti að gera þetta til að þurfa ekki að naga mig í handarbökin alla ævi.“

Lítill en sterk von

Þessu ferli fylgir mikið álag og kostnaður en Alma segir ekkert annað hafa komið til greina. „Normið er auðvitað að tveir einstaklingar geri þetta saman en það var hreinlega ekki í boði þarna. Mér var sagt að ef ég ætlaði að gera þetta þá væri það núna, ég gæti ekkert beðið.“

Alma fór í meðferðina með litla en sterka von og fékk jákvætt svar fljótlega eftir. „Það er þó ekkert

sjálfgefið að halda föstrinu en ég var ekkert óörugg hvað það varðaði. En þegar leið á meðgönguna fór þessi sterka hugsun um að ég yrði aftur veik að ná tökum á mér. En ég var í áhættumæðravernd þar sem var vel haldið utan um mig. Ég hafði aðgang að sálfræðingi sem hjálpaði mér að ná í skynsemina þegar ég hafði tapað henni. Þegar ég var komin svipað langt og með Ásthildi var ég viss um að það sama myndi gerast. En það gerðist aldrei og þetta var í raun algjör drauma-meðganga og mér leið ofboðslega vel líkamlega.“

Hjartað sló aftur eðlilega

Alma var sett af stað á 38. viku og segist hafa verið orðin mjög óþreyjufull síðustu vikuna. „Ég var farin að ímynda mér að ég fyndi ekki hreyfingar og svo framvegis. En gangsetningin gekk mjög vel og mamma og Aldís systir fengu að vera hjá mér og þetta var dásamleg upplifun. Hann var 2.850 grömm og 48 cm, mjög nettur.“ Þó að allt hafi gengið vel var óttinn sterkur og Alma segist hafa hugsað að nú kæmi einhver og segði: „Þetta gekk vel en nú er þetta búid.“ „En auðvitað var það ekki þannig og ég var umvafin dásamlegu starfsfólki sem var meðvitað um mína reynslu. Þegar hann fékk sólarhringssskodunina og allt var í lagi hann ég hjarta mitt slá aftur eðlilega.“

Alma viðurkennir að áhyggjurnar komi enn í sveiflum. „En ég held ég sé á góðri leið. Síðasta sumar var yndislegt og ég nat þess gífurlega að fá að vera í þessum ungumömmufíling. Auðvitað komu dagar þar sem ég var hrædd um að eitthvað skelfilegt myndi gerast en það tekur ekki jafn mikið pláss og það gerði. Það er svo dásamlegt að fá að takast á við venjulegar áhyggjur sem foreldrar hafa. Það eru gífurleg forréttindi.“

Eins og fyrr segir eignaðist Alma soninn ein. „Það var ekkert annað í boði. Ég hafði ekki tíma til að velta því fyrir mér. En ég er ekkert ein, ég á fjölskyldu og vinkonur sem eru mikið með mér. Ég er auðvitað ofboðslega þreytt, með tennisbolnaboga og króníska sinaskeiðabólgu,“ segir Alma og hlær. „En við tvö þekkjum ekkert annað.“

Ég er ekki fyrsta manneskjan sem gerir þetta ein og þegar kemur að því að útskýra þetta fyrir honum þá tek ég þann slag og það er ekkert víst að það verði neinn slagur. Samfélagið er að breytast og það sem var normið er ekkert endilega lengur normið. Hann á góðar karlkyns fyrirmyndir og mitt markmið er að búa honum besta mögulega líf og ég vona að það takist.“

Ástin sem hafði myndast

Aðspurð um frekari fjölskylduþlön segist Alma ekki hræðast samsettar fjölskyldur en hún treystir sér ekki til að ganga með fleiri börn. „Ég myndi ekki leggja það á mig né fólkið í kringum mig.“

Ég trúði því ekki að ég myndi verða hamingjusöm á ný. Ég man eftir að hafa spurt Vigfús Bjarna hvort líf mitt myndi alltaf vera svona dofið. Hann sagði ákveðið nei en ég trúði honum ekki. Ég leit út um gluggann og sá sólina en fann ekkert.

Sumarið 2018 fann ég fyrir miklu tilgangsleysi en svo fór að birta til, líka vegna þess að ég leyfði því að gerast. Ég gat ekki farið að eignast annað barn með það í huga að ég gæti aldrei orðið hamingjusöm. Því þurfti ég að vinna í því. Og hann auðvitað gerir allt betra,“ segir hún og horfir á son sinn. „Þó ég líti ekki á barnsmíssinn sem sár þá græddi tilkoma hans hjarta mitt. Ekki að maður eignast barn í stað þess sem fór en það gefur svo mikið og maður vinnur öðruvísi í sorginni. Ég finn það líka á fjölskyldunni minni og vinum. Öll gleðin, ástin og fegurðin sem honum fylgir. Það er svo gott að fá að umfjalla hann ástinni, sem þegar var búin að myndast, og fá útrás fyrir þetta eðli sem er svo sterkt.“



Teitur
Guðmundsson
læknir

Doktor.is

Kólesteról í kroppnum

Viðmiðunarmörk heildar-kólesteróls (mmól/litra)

Mjög hátt	meira en 8
Hátt	á bilinu 6-8
Viðunandi fyrir flesta	minna en 6
Æskilegt	minna en 5

Æskilegt er að HDL sé meira en **1,1 mmól/litra** og þriglýseríð ættu að vera undir **1 mmól/litra**

Heimild: Hjartavernd

Kláði

Vissir þú að það eru til fjórar tegundir kláða?

Sá algengasti er tengdur bólgum eða áreitni í húð og oftast en ekki tengdur sýnileika exems, sýkinga eða breytinga í húð líkt og útbrot.

Taugakláði tengist miðlægra og úttauga sem tengjast því svæði þar sem kláðinn finnst. En það dugur oft lítið að klóra sér þar sem vandinn er ekki beinlínis á þeim stað sem þig klæjar á. Þetta er þekkt til dæmis eftir veirusjúkdóm eins og herpes eða ristil, eða þrengingar og bólgur við taugar. Kláðanum fylgir oft dofi og/eða verkir á sama svæði.



NAUÐSYNLEGT ER AÐ

FINNA HINA RÉTTU ORSÖK

OG REYNA AÐ UPPRÆTA

HANA.

Þriðja tegund kláða er tengd undirliggjandi sjúkdómum og breiðist ekki um eitt svæði heldur allan líkamann og getur verið erfitt að meðhöndla. Slíkt getur gerst við illkynja mein, lifrarsjúkdóma og nýrnabilun svo dæmi séu tekin.

Fjórða tegund kláða er kölluð gedrænn kláði og tengist oftast en ekki undirliggjandi andlegum sjúkdómum líkt og þunglyndi, kvíða og ýmsum persónuleikaröskunum.

Nauðsynlegt er að finna hina réttu orsök og reyna að uppræta hana. Kláðastillandi lyf og krem duga oft ekki til og er því mikilvægt að reyna að átta sig á eðli kláðans og ráðast að undirrót eins og hægt er.

Greiningar kviðverkja

Það eru mörg líffæri í kvið okkar sem geta valdið óþægindum, því getur á stundum verið snúið að átta sig á því hvaða vandi er á ferð og þá hvaða meðferð skuli beita.

sem betur fer er það svo í lækisfræði líkt og annars staðar að það sem er algengt er algengt en það eru ansi margir sebrahestrar líka í þessu samhengi sem þarf að horfa til.

Kviðnum er alla jafna skipt upp í 4-5 svæði sem eru vinstri efri og neðri, hægri efri og neðri og neðri huti kviðar. Almenn er talað um að skiptingin milli efri og neðri hluta kviðar sé við naflahæð og miðlinu kviðarins. Þegar einstaklingur kvartar um verki í kvið er mikilvægt að átta sig á samhengi þess við til dæmis matarinntöku, hægðalosun, blæðingar og tíma dags. Komu verkir skyndilega eða hægt og bitandi, eru verkirnir krampakenndir eða stöðugir, fylgir þeim hiti, ógleði, uppköst eða niðurgangur og svo framvegis? Læknar nota síðan líffærafræðina og ofangreinda uppskiptingu til að reyna að átta sig á því um hvaða líffæri kann að vera að ræða. Stundum koma verkirnir ekki frá þeim stað sem gefur einkennin og uppruni vandans er á öðrum stað og jafnvel ekki frá kviðarholi, svo dæmi séu tekin.

Það er því ákveðin saga sem þarf að koma fram, tímarammi einkenna og svo auðvitað skoðun á kviðnum sem getur gefið fyrstu vísbendingu um hvaða vandi steðjar að. Við höfum svo margvislega tækni til að aðstoða okkur frekar við greininguna og má þar nefna fyrst auðvitað þvag- og blóðrannsókn, ómskodun af kviðarholi, röntgen og svo tölvusneiðmyndir. En það getur líka þurft að framkvæma skurðaðgerð til að átta sig á eðli verkja þar sem öll önnur tækni dugur ekki til.

Þau líffæri sem tengjast mismunandi hlutum kviðar og eru algengust eftir svæðum eru eftirfarandi. Hægra megin ofan til eru lifur, gallblaðra, smáþarmar, magi, ristill. Vinstra megin ofan til er aftur magi og neðri hluti vélinda, smágirni, ristill, bris og milta. Oft eru nýru, nýrnahettur og þvagleiðarar talin til en þau liggja ekki í kviðnum heldur í raun í hölfum fyrir aftan kviðinn, en gefa oft einkenni sem leiða fram í kvið og nára. Í neðri fjórðungi hægra megin er botnlanginn, ristill, innri líffæri kvenna og vinstra megin neðan til er einnig ristillinn og hluti innri líffæra kvenna auk þvagblöðru sem liggur miðlægt um neðanverðan kviðinn milli legs og ristils hjá konum eða



Of flókið og yfirgrípsmikið er að fara í gegnum allar mögulegar orsakir en ljóst er að sýkingar, bólgur, nýrna- og gallsteinar eru algengastar.



STUNDUM KOMA VERKIRNIR EKKI FRÁ ÞEIM STAÐ SEM GEFUR EINKENNIN OG UPPRUNI VANDANS ER Á ÖÐRUM STAÐ.

nálægt blöðruhálskirtli karla. Of flókið og yfirgrípsmikið er að fara í gegnum allar mögulegar orsakir en ljóst er að sýkingar, bólgur, nýrna- og gallsteinar eru einna algengastar. Blæðingar, tappar, uppásnúningar líffæra líkt og eggjastokka eru einnig ástæður.

Þetta er ekki tæmandi yfir það sem getur skapað kviðverki, en þekkt er til dæmis að lungnabólga sem situr neðarlega getur skapað verki í kvið og hefur til dæmis leitt til þess í yfirstandandi kórónaveirufaraldri að sjúklingar hafa

kvartað um kviðverki sem reyndust vera allt annað. Íðulega leitar fólk lækni þegar um kviðverki er að ræða sem eru sterkir og viðkomandi kannast ekki við að hafa fengið áður og leitar eftir greiningu. Aðrir fá reglulega kviðverki og venjast þeim til dæmis líkt og verkjum sem tengjast blæðingum, bólgusjúkdómum í ristli og fleiri. Það er þó alltaf góð regla að fá endurmat á slíkum verkjum þar sem undirliggjandi ástæður geta breyst og/eða þróast til hins verra og einnig ef breyting verður á.

Vökvabúskapur okkar

Ein hver munur er milli kynjanna hvað varðar fitumagn og fleiri þætti. Vökví er mikilvægur fyrir líkama okkar til að halda virkni hans í lagi, jafnvægi í saltbúskap og uppleystum efnum og er líkaminn gæddur þeim einstaka hæfileika að stýra vökvabúskapnum nokkuð sjálfur. Við þurfum lítið að hugsa um það í raun, nýrun, húðin og öndunarferin eru þau líffæri auk meltingarvegjar sem fyrst og fremst koma þar til og hafa áhrif þarna á.

Við finnum vel fyrir því ef okkur vantar vökvu, talsverð brenglun getur þá orðið á liðan, meðvitund og ýmsum fleiri þáttum og ef vökvaskortur verður verulegur er jafnvel hætt á meðvitundarleysi og dauða. Þá má ekki gleyma því að við getum verið ofvökvuð og í vandræðum með að stilla vökvamagn líkamans af með oftast en ekki dramatískum afleiðingum. Þeir sem eru hraustir eiga venjulega ekki í vanda, líkaminn nemur þegar hann



Það er ágæt regla að miða við að drekka fjögur til átta vatnsglós á dag.

vantar vökvu og lætur okkur vita. Við verðum þyrst og drekkum eða neytum matar sem inniheldur of-sinnis mikið vökvamagn. Hitastýring líkamans fer að hluta í gegnum vökvatap eins og svita og kælingu

húðar, þá passa nýrun upp á það að skilja út það sem er ekki þörf á.

Til eru sjúkdómar sem geta auðveldlega sett allan þennan búskap úr skordum, þeirra algengastir eru uppköst og niðurgangur, almenn

veikindi, nýrnabilun, hjartabilun svo stiklað sé á stóru. Áfengi eykur útskilnað og lyf geta haft hvora virknina sem er. Það er mikilvægt að passa upp á vökvainntöku sína, þau tæki sem stýra þorsta dofna



EÐLILEG INNTAKA FULLVAXTA KARLMANNS ER 3,5-4 LÍTRAR Á DAG EN KONUR ÆTTU AÐ TAKA TIL SÍN Á BILINU 2-3 LÍTRA.

með aldrinum svo það getur verið mikilvægt að halda vel vökvu að hinum öldruðu.

Það er eðlilegt að spyrja sig hvað sé eðlileg inntaka vatns á dag fyrir hraustan einstakling? Töluvert kemur með fæðu eins og ávöxtum og grænmeti og stór hluti próteinríkra matvæla er vatn líkt og í fiski eða kjöti. Þá drekkum við einnig ýmiss konar vökvu, kaffi, vatn og gos, yfir daginn. Eðlileg inntaka fullvaxta karlmanns er 3,5-4 lítrar á dag en konur ættu að taka til sín á bilinu 2-3 lítra. Það fer auðvitað samt allt eftir stærð einstaklinga og undirliggjandi ástandi. Þetta er heildarinntaka í mat og drykk og getur breyst með aukinni hreyfingu og öðrum umhverfisþáttum. Það er ágæt regla að miða við að drekka 4-8 venjuleg glós af vatni á dag til viðbótar við matarinntöku og við erum einstaklega lánsöm hér á Íslandi að eiga gnægð vatns sem er líka besti svaladrykkurinn.

BÆTTU BÚNAÐINN, BÆTTU LEIKINN!



**15%
AFSLÁTTUR**

Lyklaborð með stillanlegri LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 5.949.-
Verð áður: 6.999.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Heyrnartól Twister
TILBOÐSVERÐ: 5.524.-
Verð áður: 6.499.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Leikjamotta með LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 6.145.-
Verð áður: 7.229.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Heyrnartól Cyclone
TILBOÐSVERÐ: 6.417.-
Verð áður: 7.549.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Leikjasett - Lyklaborð, mús, músamotta & heyrnartól
TILBOÐSVERÐ: 11.899.-
Verð áður: 13.999.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Hljóðnemasett fyrir streymi
TILBOÐSVERÐ: 15.299.-
Verð áður: 17.999.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Stólamotta
TILBOÐSVERÐ: 8.329.-
Verð áður: 9.799.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 30.744.-
Verð áður: 36.169.-

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ!**



Leikjastóll Commander með LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 36.542.-
Verð áður: 42.990.-

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ!**



**15%
AFSLÁTTUR**

Leikjaborð Fighter með LED lýsingu
TILBOÐSVERÐ: 36.459.-
Verð áður: 42.999.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Leikjastóll Voodoo
TILBOÐSVERÐ: 39.465.-
Verð áður: 46.429.-

**15%
AFSLÁTTUR**

Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 30.744.-
Verð áður: 36.169.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Nuddpúði fyrir leikjastóla
TILBOÐSVERÐ: 6.714.-
Verð áður: 7.899.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Þráðlaus hátalari Muvo Play
TILBOÐSVERÐ: 8.244.-
Verð áður: 9.699.-

**15%
AFSLÁTTUR**



Hátalari PebblePlus 2.1 USB
TILBOÐSVERÐ: 7.224.-
Verð áður: 8.499.-



**FRÍ HEIMSENDING*
TIL EINSTAKLINGA**
EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.
EÐA MEIRA Á WWW.PENNINN.IS

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum. Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.

*á ekki við um húsgögn.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

*Gildir ekki um húsgögn

Vörurval mismunandi eftir verðstunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Atli hefur samið tónlist fyrir fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda, nú síðast fyrir væntanlega Eurovision-mynd Netflix og þættina Defending Jacob fyrir Apple TV. MYND/AUÐUNN NIELSSON

Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is



Að taka sér tíma

Tónskáldið **Atli Örvarsson** fékk innblásturinn að fyrstu sólóplötu sinni þegar hann flutti aftur heim til Íslands. Auk plötunnar semur hann einnig tónlistina fyrir stór verkefni hjá Netflix og Apple TV.

Það síðasta sem ég átti von á í lífinu var að flytja aftur hingað. Lífið kemur manni stöðugt á óvart," segir tónskáldið Atli Örvarsson sem flutti aftur til Akureyrar frá Los Angeles fyrir fimm árum ásamt eiginkonu sinni Önnu.

„Los Angeles er spennandi staður til að búa á þegar maður hugsar mest um sjálfan sig, en ekkert endilega þegar þú hefur fleiri til að hugsa um," segir Atli og nefnir sem dæmi margra klukkutíma akstur á milli staða í Bandaríkjunum. „Við ákváðum að fara eitthvert þar sem lífið er þveröfugt. Það tókst, því á háannatíma á Akureyri tekur ekki tíu mínútur að keyra niður í bæ.“

Starfsemi Atla er enn að mestu leyti í Los Angeles þar sem fjölskyldan heldur enn í tengsl við vini og samstarfsaðila. „Þetta er frekar tvískipt líf og kannski er þessi gluggi, að geta áfram alltaf komist út í heim, ákveðin forsenda fyrir því að vera hér áfram.“

Líf í biðstöðu

„Þegar ég áttaði mig á að ég hafði búið hálf á ævina í Bandaríkjunum þá fáttaði ég að nánast öll mín fullorðinsár hef ég búið í Ameríku, sem hefur mótað mig einstakling," segir Atli. „Þegar maður flytur burt svona ungur og kemur til baka þá er ýmislegt sem þarf að skoða í fortíðinni og það líf sem maður kvaddi á sínum tíma. Það fór ekkert, það var bara að einhverju leyti í biðstöðu.“

Skömmu eftir að Atli flutti aftur til Íslands tók hann við hlutverki formanns Hljóðritasjóðs þar sem hann segist hafa kynnst íslensku tónlistarlífi upp á nýtt. „Þetta var eins og að fara á „speed date“ við íslensku tónlistarflórana. Ég vissi að það var mikið gert af góðri tónlist hérna heima en mig óraði ekki fyrir að það væri svona mikið.“

Eftir að setu Atla í stjórn sjóðsins lauk fór hann í framhaldinu að hugsa um mögulegar leiðir til að nýta þær tengingar sem hann hafði myndað erlendis til að hjálpa


íslenskum listamönnum að koma tónlist sinni á framfæri. Í kjölfarið stofnaði hann, ásamt Íranum Colm O'Herlihy, útgáfufyrirtækið og tónlistarforlagið INNI.

Atli segir eðli fyrirtækja í tónlistargeiranum hafa breyst mikið. „Landslagið er allt öðru vísi í dag sem er að hluta til út af stafrænni dreifingu á tónlist. Flest fyrirtækin eru núna í einhvers konar 360 gráðu hlutverkum þannig að það er minni aðskilnaður á milli útgefanda, forleggjara (e. music publisher), umboðsmanna og svo framvegis. Hjá okkur er þetta meira og minna allt undir einum hatti og kannski mikilvægasta verkefnið að koma réttu tónlistinni og listamönnum fyrir rétt augu og eyru.“

Einlægni að leiðarljósi

Fyrsta útgáfa INNI verður fyrsta sólóplata Atla sem er væntanleg í júlí. „Platan hefur lengi dvalið í mér en innblásturinn og ásetningurinn kom eftir að ég flutti heim," segir Atli og bætir við að eina leiðin til að gera svona verkefni sé að taka sér tíma. „Ef þú bíður eftir því að hafa tíma þá gerist ekkert. Þetta er ekki verkefni sem ég hef verið ráðinn í af öðrum til að sinna, ég hef eiginlega ráðið sjálfan mig til að sinna sjálfum mér.“

Verkefnin sem Atli hefur sinnt fyrir sjónvarp og kvikmyndir hafa verið úrvals námskeið í stúdíóvinnu, en nú eru áherslurnar aðrar. „Galdurinn núna er að nálgast einhvers konar einlægni, hjarta og sál, innra með sjálfum sér. Að gera eitthvað sem er beint frá innstu rótum þótt ég hafi auðvitað metnað fyrir því að þetta sé vel útfært.“



Smáskífan Húm pt 1 er komin út og þar er hægt að fá smjörþefinn af væntanlegri sólóplötu Atla.

Ferlar og gerlar

Atli hefur þó fleiri járn í eldinum um þessar mundir, en hann sér um tónlistina fyrir væntanlega Eurovision-mynd Netflix, sem og tónlistina fyrir sjónvarpsþáttaröðina Finding Jacob sem er væntanleg á Apple TV. Atli segir aðdraganda slíkra verkefna geta verið stundum að ferill sé eins og gerill. Hann vindur statt og stöðugt upp á sig og ólíkir hlutar hans geta leitt til óvæntra verkefna.

Eurovision-verkefnið kom til þegar David Dobkin leikstjóri tengdi við stef sem ég hafði gert fyrir myndina Edge of Seventeen fyrir nokkrum árum. Ég fór svo á fund með honum og við náðum vel saman. Svo hjálpaði það til að ég er Íslendingur þar sem myndin var að talsverðum hluta tekin upp hér," segir Atli.

„Defending Jacob kom svo til þegar framleiðendurnir og leikstjórinn heyrðu efni af plötunni sem ég er að fara að gefa út. Það var eitthvað við þá tónlist sem þeim fannst vera rétti hljómurinn fyrir þáttinn, þótt það sé ekki tónlist sem gerð hafi verið fyrir kvikmynd eða þætti," segir Atli sem þekkir reyndar leikstjóra þáttanna, Morten Tyldum, persónulega. „Synir okkar voru skólabræður í Los Angeles og ég þekkti hann sem fjölskylduvin löngu áður en ég fór að vinna með honum.“

Aðspurður segist Atli ekki hræddur um að vera „typecast-aður“ í að gera myndir sem innihalda nafnið „Jacob“, en hann gerði tónlistina fyrir endurgerð myndarinnar Jacob's Ladder fyrir nokkrum árum. „Á sínum tíma hélt ég reyndar að ég yrði fastur í að sinna verkefnum sem innihéldu orðið „witch“, og hafði áhyggjur af að þeim álögum ætti ekkert að léttu. En ég tek alveg sénsinn á þessu með Jacob," segir Atli og hlær, en hann gerði tónlistina fyrir myndirnar Season of the Witch og Hansel & Gretel: Witch Hunters.

Ekki bara heimavinna

Samvinna er lykilatriði þegar kemur að samstarfi milli tónskálds og leikstjóra að mati Atla. „Það sem maður vonast eftir er að þetta sé raunveruleg samvinna en ekki bara fyrirsett heimaverkefni sem maður á að skila fyrir einhvern frest. Ég hef fundið að eftir því sem menn hafa meiri trú á sínu eigin efni, þeim mun opnari eru þeir fyrir að prófa eitthvað nýtt, og að leyfa tónlistinni að finna sína réttu rödd sem hæfir verkefninu.“

Atli segir spennandi að takast á við ólík verkefni. „Það er gaman að fara úr miklu drama yfir í að gera kómedíu, og ekki bara einhverja kómedíu heldur með Will Ferrell í fararbroddi. Það segir manni að maður sé ekkert endilega að festast í sama fari," segir hann og að auki sé gott að vinna að verkefnum fyrir aðra um leið og hann sé að finna sína eigin rödd. „Það getur lifað góðu lífi samhliða leitinni að sínum eigin kjarna, og er kannski bara hollt.“



ÉG SEGI STUNDUM AÐ FERILL SÉ EINS OG GERILL. HANN VINDUR STATT OG STÖÐUGT UPP Á SIG OG ÓLÍKIR HLUTAR HANS GETA LEITT TIL ÓVÆNTRA VERKEFNA.

VIÐ FÉ

LAUGARDAGUR 18. APRIL 2020

Helgin



Tómas Jónsson hljómborðsleikari ætlar að streyma tónlist af nýrri hljómplötu sinni ásamt hljómsveit frá Mengi á morgun. ➔4

**EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM**

**GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA**



Fæst í flestum apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Ferðuðust innan húss

Lilja Birgisdóttir og Valdimar Jónsson ákváðu að hlýða Víði og ferðast innan húss um páskana. Þau tóku ferðalagið alla leið með mat, drykk, tónlist og búningum.

➔2

”Þemadagarnir okkar voru frábær tilbreyting úr því maður þurfti að vera heima um páskana.



Áhugamál þeirra falla vel saman, hvort sem það snýst um fjallaferðir, hreyfingu eða mat. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsiðu →

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Lilja segir að þau hafi ákveðið þetta með skömmum fyrirvara og hafi í rauninni verið búin að gera öll páskaínnkaup þegar hugmyndum kom upp. „Við ákváðum á miðvikudeginum fyrir páska að elda úr því hráefni sem við áttum til en halda okkur við þemadagana. Venjulega erum við með heimabakaða pitsu á föstudögum en við færðum hana yfir á miðvikudag og útbjuggum ítalskt þema. Settum ítalska tónlist á fóninn og fengum okkur rauðvín frá héraði. Venjulega finnum við lagalista á netinu með ákveðnum þemum og látum músikina hljóma á meðan við eldum og borðum,“ segir hún.

Lilja og Valli, eins og hann er kallaður, eru mikið útivistarfólk og þau höfðu ákveðið að fara í skíðaferð vestur um páskana. Þau fara venjulega á fjöll þegar færi gefst en að þessu sinni var ekki í boði að fara vestur á firði. Hugmyndin var að fara á fjallaskíði í Jökulfirði. Þemadagarnir heima urðu að nægja. Og það tókst vel. Lilja og Valli kynntust í göngu-klúbbi og hafa notið þess að deila sameiginlegum áhugamálum. Ferðast venjulega mikið innanlands með tjald. Hún á þrjú börn frá fyrra hjónabandi og hann fjögur svo fjölskyldan er stór þegar allir koma saman. Einn sonur býr heima og var sá eini sem fékk notið þemadaganna um páskana.

„Þegar umræðan fór að snúast um að ferðast innanhúss um páskana fórum við að velja fyrir okkur hvað við gætum gert. Okkur datt nú ekkert sniðugt í hug varðandi það að ferðast á milli herbergja,“ segir Lilja. „Þannig að við ákváðum að ferðast bara við eldhúsbörð. Við byrjuðum með

Hrisgrjónaréttur Lóu

1 laukur
2 hvítlauksrif
1 paprika
2-3 gulrætur
6-8 sveppir
1 bolli hrisgrjón
2 bollar vatn
2 msk. karrimauk (curry paste í dós)
1-2 tsk. karrí (sú blanda sem er til hverju sinni)
Salt
Pipar
Smá chilli-mauk, Salam olek (eftir smekk)
Ola
1 bakki kjúklingabitar
Kjúklingakrydd

Kjúklingabitarnir eru kryddaðir með kjúklingakryddinu og eldaðir í ofni við um það bil 200°C eða þar til þeir eru tilbúin.

Á meðan þeir eru að steikjast í ofninum þá gerum við kryddhrisgrjónin.

Söxum niður lauk og hvítlauk og látum mykjast í oliunni á pönnu. Bætum síðan niðurskornum sveppum og gulrótum (má í raun bara vera það grænmeti sem til er hverju sinni) út í og steikjum

ítalskt þema á miðvikudeginum og á fimmtudeginum snerum við okkur til Indlands. Við drögum upp dúk sem passaði því þema og klæddum okkur upp í indverskan stíl og vorum berfætt. Síðan var hafist handa við að útbúa indverskan rétt frá grunni, naan braud og tilheyrandi. Við áttum því miður ekki indverskt léttvín en létum duga það sem til var í húsinu.

Á föstudeginum langa ákváðum við að kaupa mat frá veitingahúsinu Von í Hafnarfirði en þeir buðu upp á smálaböku þann dag og við fórum í pöbbarölt á breskri grundu. Dúkurinn var tekinn af borðum enda breskir pöbbar ekki



adeins áfram. Þá er karríinu og Salam olek bætt við og látið krauma smá stund í oliunni en þá er hrisgrjónunum bætt við allt saman. Hrærið aðeins í blöndunni og bætið síðan vatninu út í. Paprikan skorin í stóra bita og raðað ofan á. Þetta er látið krauma við lagan hita með loki þar til grjónin eru tilbúin.

Rétt áður en rétturinn er borinn fram eru elduðu kjúklingabitarnir lagðir fallega ofan á hrisgrjóna-

með dúklögð borð. Einnig settum við fyrir gluggana til að fá myrkur inn og kveiktum á kertum. Það var fin pöbbastemming í húsinu og að sjálfsgöðu drukkum við bjór með smálabökunni,“ segir Lilja.

„Á laugardeginum ákváðum við að hafa íslenskt þema með páska-lambi. Þá var skreytt með íslenska fánanum og hefðbundnu páska-skrauti,“ segir hún. „Páskadagur var síðan spænskur. Þá útbjuggum við dúk á borðið sem var eins og spænski fáninn og elduðum vel kryddaðan fisk. Svo var leikin tónlist frá Spáni,“ segir Lilja en á annan í páskum ákváðu þau að slá af kröfunum og borða afganga. „Það er hægt að gera margt

Hrisgrjónarétturinn hennar Lóu í Lóuhreiðri. Hér með fiski en í uppskriftinni er kjúklingur.

Við ákváðum á miðvikudeginum fyrir páska að elda úr því hráefni sem við áttum til en halda okkur við þemadagana.

ég farin að nota netið og leita bara eftir því hráefni sem til er heima. Saumaklúbburinn minn hefur verið duglegur í gegnum tíðina að halda alls konar þemakvöld og þá bjóðum við mökum að vera með. Þá koma allir með einn rétt og klæðast búningum. Það er alltaf mjög gaman,“ segir hún.

Hjónin eru dugleg að fara á fjöll en þau eru líka öflugir hlauparar. Lilja segist ekki hafa verið áhugamanneskja um útiþróttir fyrr en eftir fertugt. „Í raun fór ég ekki að stunda markvissa hreyfingu fyrr en eftir fimmtugt. Núna er hreyfingin fastur liður og við hlaupum daglega. Einnig höfum við farið í göngur í nágrenni Hafnarfjarðar. Við vorum búin að ákveða að ganga í Ölpunum í sumar en það verður bara að koma í ljós hvort það verður hægt,“ segir Lilja sem gefur hér uppskrift sem er frá móður hennar, Lóu, sem er mjög góður kokkur og rak fyrsta kaffihúsið á Laugaveginum, Lóuhreiður, sem margir muna eftir.

„Mamma hefur líklega haft áhrif á mig varðandi það að búa til notalega og skemmtilega stemmingu við allar aðstæður. Hún hefur alltaf verið ótrúlega dugleg og skapandi, finnur til dúka, kveikir á kertum, setur tónlist á fóninn og býr til góðan mat. Hún fékk hugmyndina að þessum rétti þegar hún smakkaði paellu, þjóðarétt Spánar, en gerði hann á sinn hátt og ég hef síðan gert hann að mínum,“ segir Lilja og hér kemur rétturinn sem er ætlaður fjórum.

Skapið varð jafnara og hitakóf hurfu með Femarelle

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum vegna hormónabreytinga. Rannsóknir sýna að þær slá á einkennin og geti einnig unnið gegn beinþynningu. Femarelle er til í þremur tegundum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum.

Hvað er breytingaskeið

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hættu. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Þíringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

Líður svo miklu betur og einkennin horfin!

Soffía Káradóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle og hennar saga er svona: „Ég var að byrja á breytingaaldrinum og vildi ekki nota hormón. Ég fann fyrir hitakófi, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin. Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófi lengur eða fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum. Femarelle gerir það mikið fyrir mig að ef ég gleymi að taka töflu þá finn ég strax fyrir því.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég veit



Soffía Káradóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle.

af einni vinkonu minni sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli einnig með glöðu geði með að aðrar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle því að ég gæti ekki ímyndað mér hvernig mér líði í dag ef ég hefði ekki kynnst því, þvílíkt undraefni.“

Hormónar og beinþynning

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiða í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttinni. Vegna minnkandi estrogenframleiðslu hjá konum eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar. Helsta innihaldsefnið í Femarelle kallast DT56a en þetta er efnasamband unnið úr óerfðabreyttu soja og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og eykur beinþéttni, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófi lengur eða fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum.“

Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á þau einkenni sem talin eru upp hér að framan og í ljósi þess að beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast, getur inntaka á Femarelle verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu.

Útsölastaðir:
Öll apótek,
heilsuverslanir
og heilsuhillur
stórmarkaðanna.

NÝTT

B-complete munúðaðasprey

Sérvalin blanda sem inniheldur öll átta B-vítamínin sem öll styðja við náttúrulega orkuframleiðslu.

Bragðgóður munnúði með náttúrulegu ferskju, plómu og hindberjabragði.

OCEAN PLASTIC Umbúðir endurunnar úr plasti úr sjónum.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



Skemmtun fyrir alla í beinu streymi

Vegna útgáfu nýrrar plötu ætlar tónlistarmaðurinn Tómas Jónsson ásamt hljómsveit að streyma tónleikum frá Mengi á morgun. Platan nefnist Tómas Jónsson 3 og er önnur plata sveitarinnar.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Hljómsveitin Tómas Jónsson, með Tómas Jónsson sjálfan í fararbroddi, heldur hljótleika í beinu streymi frá Mengi kl. 20.00 á morgun. Hljómsveitin leikur lög af nýju plötunni Tómas Jónsson 3, og fyrstu plötu sveitarinnar Tómas Jónsson frá árinu 2016.

Hljómsveitina skipa:

- Guðmundur Óskar Guðmundsson: Rafbassi og bassahljóðgervill
- Magnús Trygvason Eliassen: Trommur
- Magnús Jóhann Ragnarsson: Hljóðgervlar
- Rögnvaldur Borgþórsson: Rafgítar og hljóðgervill
- Tómas Jónsson: Hljómborð og hljóðgervlar

Á nýju plötunni 3, sem kom út í dag á 27 ára afmæli Tómasar, eru níu lög. Lögin eru instrúmental og eru allt frá því að vera rólegt synthapopp, nýklassísk og upp í harða elektro-industrial tónlist. „Ég stefni á tónleikahald eftir samkomubann með einum eða öðrum hætti. Þess vegna lít ég ekki á streymistónleikana sem eiginlega útgáfutónleika þó að þeir séu vissulega beintengdir útgáfunni,“ segir Tómas, en hann lofar áhorfendum góðri skemmtun, hafi þeir á annað borð gaman af músík.

Tómas er píanó- og hljómborðsleikari sem býr ásamt fjölskyldu sinni í Þorlákshöfn. Hann hefur leikið með mörgum af bestu og þekktustu tónlistarmönnum Íslands en hann hóf ungur að spila. Hann hefur ferðast um heiminn með mönnum eins og Ásgeiri Trausta og Júníusi Meyvant auk þess að ferðast með sinni eigin hljómsveit AdHd.

Tómas samdi sjálfur og útfærði alla tónlistina á nýju plötunni. „En hljómsveitin spilar inn á upptöku á þeim stöðum sem það á við. Þegar tónlistarmenn spila inn á upptökur er það þó langoftast þannig að þeir setja sjálfir sinn stíl og sitt „sánd“ og hugmyndir í músíkina,“ útskýrir Tómas.

Platan var að mestu tekin upp á Íslandi en líka í rútu á ferð um



Tómas spilaði á Megasartónleikum Möggu Stínu í febrúar. MYND/SIGTRYGGUR ARI

» Tómas lofar öllum skemmtun sem á annað borð hafa gaman af tónlist.

Ameríku og Evrópu. „Ég var á tónleikaferðalagi með Ásgeiri Trausta og við vorum með stúdíó aftast í rútnni með ótrúlega finum græjum. Það var þó oft pínulítið flókið að taka upp því rútan var yfirleitt á ferð með tilheyrandi hristingi og hávaða,“ segir Tómas spurður að því hvernig stóð á því að hluti plötunnar var tekinn upp í rútu.

Tónleikarnir á morgun eru hluti

af tónleikaröðinni Tómasmengi, sem Mengi stendur fyrir á netinu á meðan samkomubannið varir. Frjáls framlög eru á viðburðina sem renna að meirihluta til listamannanna samkvæmt tilkynningu frá Mengi.

Hægt er að greiða framlög:

- Með því að hringja í 901-7111 (1.000 krónur)
- Með millifærslu á Kass í númerið 865-3644
- Með PayPal millifærslu á payment@mengi.net

Hefðbundið miðaverð á tónleika í Mengi er 2.000 krónur en listamennirnir og Mengi þakka kærlega fyrir öll framlög. Hægt verður að fylgjast með streyminu á mengi.is og visir.is.



Nýja platan ber nafnið 3. Plötuumslagið hannaði Viktor Weishappel.

HJÓLABLAÐ

Föstudaginn 24. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Hjólablað.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólræiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólræiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



Gjaldkeri



RARIK óskar eftir að öflugan aðila í starf gjaldkera. Um fullt starf er að ræða og er starfsstöðin í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Greiðsla reikninga
- Millifærslur
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af gjaldkerastarfi og bókhaldi
- Gott tölulæsi
- Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK hefur á undanförunum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 65% þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.rarik.is

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



HAFNARSTJÓRI

Faxaflóahafnir sf. eru sameignarfélag í eigu fimm sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar sem er stærsti eigandinn, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Faxaflóahafnir sf. eiga og reka fjórar hafnir, Reykjavíkurbörn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Hjá fyrirtækinu vinna um 70 manns en Faxaflóahafnir sf. annast almenna hafnarþjónustu við skip og eiga m.a. fjóra dráttarbáta.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.faxafloahafnir.is

Faxaflóahafnir sf. auglýsa laust til umsóknar starf hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, ber ábyrgð á daglegum rekstri og leiðir starfsemi Faxaflóahafna í samráði við stjórn. Hlutverk hans er að stuðla að stöðugum umbótum í takt við framsækna og nútímalega hafnarþjónustu.

Leitað er að leiðtoga með gott orðspor, getu til að takast á við margvíslegar aðstæður og brennandi áhuga á verkefnum Faxaflóahafna.

Ábyrgðarsvið hafnarstjóra

- Daglegur rekstur félagsins í umboði hafnarstjórnar
- Yfirmaður allra starfsmanna Faxaflóahafna
- Ábyrgð á að fjárhags- og fjárfestingaáætlun sé fylgt og ábyrgð á fjárreiðum félagsins
- Samskipti og upplýsingagjöf til hafnarstjórnar
- Samskipti við eigendur, sveitarstjórnir, ríkisvaldið og atvinnulífið
- Vinnur störf sín að öðru leyti í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerða og samþykktir hafnarstjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðtæk reynsla af stjórnun og rekstri, þar með talið breytingastjórnun
- Reynsla af stjórnun viðamikilla verkefna og áætlana
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Þekking á opinberri stjórnsýslu, hafnamálum, skipulags- og umhverfismálum æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri
- Leiðtogahæfni og færni til að hvetja aðra til samstarfs og samvinnu
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur

Rafvirki eða vélvirki

Sindri leitar að rafvirkja og/eða vélvirkja. Starfið felur í sér í þjónustu á rafmagnsverkfærum

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

Menntun:

Rafvirki og/eða vélvirki með þekkingu á rafmagni og vélum.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Pétur Róbertsson í síma 575 0000 eða gpr@sindri.is.

Umsóknum skal skilað fyrir 1. maí.

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festinga, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönnung hf.

Hjá félaginu starfa rúmlega 120 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðarbyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Selfossi, Grundartanga og á Akureyri.

Johan Rönnung hefur í 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins.



Eir hjúkrunarheimili: Hjúkrunardeildarstjóri

Eir hjúkrunarheimili óskar eftir hjúkrunarfræðingi í stöðu hjúkrunardeildarstjóra. Um er að ræða deildarstjórastöðu sem sinnir tveimur einingum heimilisins. Ábyrgð deildarstjóra felst í faglegri og rekstrarlegri stjórnun starfseininga í samræmi við stefnu og markmið heimilanna.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2020. Umsóknir sendist rafrænt gegnum www.eir.is undir flipanum „Umsóknir“.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Högnadóttir í síma 552 5757 eða gegnum netfangið kristinh@eir.is.



Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7
112 Reykjavík

| Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild |

Sími 575 0000 · www.sindri.is

SINDRI



Embætti dómara við Landsrétt laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt. Stefnt er að því að skipa í embættið hið fyrsta eftir að dómnafnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnafndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) núverandi starf, 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynsla af dómstörfum, 4) reynsla af lögmannsstörfum, 5) reynsla af stjórnsýslustörfum, 6) reynsla af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynsla af stjórnun, 8) reynsla af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnafnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefn fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 4. maí 2020. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
17. apríl 2020.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Fagval

Fagval óskar eftir starfsmönnum

Fagval óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við uppsetningu á álhurðum og gluggum.

Eingöngu er leitað er eftir einstakling með reynslu, annaðhvort faglærðum eða einstaklingi með starfsreynslu.

Fagval er rótgróið fyrirtæki og hefur áratuga reynslu af smíði á álhurðum, gluggum og sjálfvirkum rennihurðum. Verkstæðið er þríflegt og vel tækjum búið.

Vinsamlegast leggið inn umsókn ásamt ferilskrá á netfangið fagval@gmail.com



BUILDING ENGINEER SUPERVISOR AND HEATING, VENTILATION AND AIR CONDITIONING MECHANIC

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking individuals for the positions of Building Engineer Supervisor and Heating, Ventilation and Air Conditioning Mechanic.

The closing date for these positions is April 26, 2020. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

job

Erum við að leita að þér?



Capacent

Capacent flokkun
Sparar tíma og fyrirhöfn!



Alfred

LAUS STÖRF HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

Áslandsskóli

- Aðstoðarverkefnastjóri í tómstundamiðstöð
- Deildarstjóri frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar
- Kennari í íslensku á mið- og unglíngastigi
- Kennari í samfélagsgreinum
- Stuðningsfulltrúi
- Umsjónarkennarar á miðstigi og yngsta stigi

Hraunvallaskóli

- Enskukennsla og umsjón á unglíngastigi
- Umsjónarkennari á yngsta stigi

Hvaleyrarskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi

Lækjarskóli

- Íslenskukennari á mið- og unglíngastigi
- Sérkennari
- Umsjónarkennarar á miðstigi og yngsta stigi

Setbergsskóli

- Íþróttakennari
- Proskapjálfi

Skarðshlíðarskóli

- Safnstjóri skólasafns í 50% starf
- Sérkennari á miðstigi og unglíngastigi

Víðistaðaskóli

- Kennari í hönnun og smíði

Öldutúnsskóli

- Náttúrufræðikennari
- Sérkennari á yngsta stigi
- Textílkennari
- Umsjónarkennarar á miðstigi og yngsta stigi

Fjölskyldu- og barnamálasvið

- Sérfræðingur í málefnum flóttafólks

Leikskólar

- Deildarstjóri - Hlíðarberg
- Leikskólakennari - Hlíðarberg
- Leikskólakennari - Hlíðarendi
- Leikskólakennari - Hörðuvellir
- Proskapjálfi - Hlíðarberg

Málefni fatlaðs fólks

- Hlustastarf á heimili fyrir fatlað fólk - Svöluás
- Sumarafleysing á heimili fyrir fatlað fólk - Einiberg

Mennta- og lýðheilsusvið

- Verkefnastjóri ungmennahúss

Sumarstörf

- Flokkstjórar vinnuskóla
- Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2002 og eldri
- Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2003

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánar á hafnarfjordur.is



Vinnslustjóri í saltfiski

VINNSLUSTÖÐIN HF.

Vegna aukinna umsvifa í sölu á saltfiski til Grupeixe í Portúgal óskar Vinnslustöðin hf. eftir að ráða vinnslustjóra í saltfisk. Í starfinu felst meðal annars aðstoð við samþættingu á veiðum, vinnslu og sölu á saltfiski.

Meginverkefni:

- Aðstoða stjórnendur Vinnslustöðvarinnar og Grupeixe við samþættingu vinnslu félaganna.
- Eftirlit með gæðum fiskjar við veiðar, vinnslu í Eyjum og áframvinnslu í Portúgal.
- Umsjón með framlegðarútreikningum vinnslu og vinnsluleiða í gegnum allan feril frá veiðum til neytenda.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Umsjón með daglegum rekstri framleiðslu í samstarfi við aðra stjórnendur félagsins.
- Aðstoð og afleysingar við aðra fiskvinnslu í fyrirtækinu.

Kröfur til umsækjenda:

- Áhugi á vinnslu, veiðum og markaðssetningu fiskjar.
- Þekking á sjávarútvegi og markaðssetningu.
- Háskólamenntun, menntun á sviði sjávarútvegs og/eða mikil starfsreynsla sem nýtist í starfi mikilvæg.
- Góð tölvufærni og færni í framsetningu talna og gagna.
- Frumkvæði, áreiðanleiki og samskiptalipurð.

Starfið krefst vakandi áhuga, ósérhlífni og þess að stjórnandi vinni með starfsfólki félagsins til sjávar, í landi og í Portúgal.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða samkvæmt samkomulagi. Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.

Upplýsingar veitir: Lilja Björg Arngrímsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og lögfræðisviðs

Vinnslustöðvarinnar. Umsóknir óskast sendar á lilja@vsv.is. Kynningarbréf ásamt ferilskrá þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf fylgi umsókninni.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.

Vinnslustöðin hf.

488 8000

Hafnargata 2

vsv@vsv.is

900 Vestmannaeyjar

www.vsv.is

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræðil- og stjórnunarstöðum.



Laus störf í Helgafellsskóla

Helgafellsskóli í Mosfellsbæ auglýsir lausar stöður haustið 2020

Helgafellsskóli er leik- og grunnskóli og fléttast frístund inn í skólalátið. Skólaárið 2020-2021 verður 1. – 7. bekkur í grunnskólahlutanum og þrjár leikskóladeildir. Starfsfólk vinnur í teymum og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda meðal nemenda og starfsfólks og fjölbreytta kennsluhætti.

Leitað er að menntaþarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna með börnum og hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Þetta verður annað skólaárið sem skólinn starfar og því er þetta spennandi tækifæri til að fá að taka þátt í faglegri þróun og uppbyggingu skólalátiðs.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Lausar stöður:

- Leikskólakennari

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 2. maí 2020.

Sækja skal um öll störf á www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Rósa Ingvarsdóttir skólustjóri Helgafellsskóla í síma 694-7377. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is



Vík, mynd eftir Þ. N. Kjartansson

Leikskólakennari óskast til starfa í Vík í Mýrdal

Mýrdalshreppur er vaxandi 750 manna sveitarfélag. Síðastliðin tvö á hefur íbúafjölgun á landinu verið mest í Mýrdalshreppi á landsvísu. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn- og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og góð aðstaða til íþróttaiðkunar.

Náttúrufergurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Sutt í góðar göngu- og hjólaleiðir, golfvöllu og motocrosbraut, paradís fyrir útivistarfólk. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu. Það er margt að gerast á svæðinu og er Vík því áhugaverður staður fyrir öflugt og dugmikið fólk.

Leikskólinn Mánaland óskar eftir leikskólakennurum til starfa.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli í Vík í Mýrdal og er fyrir börn á aldrinum 1-5 ára. Mánaland vinnur að því að verða heilsuefliandi leikskóli sem er verkefni á vegum Landlæknisembættisins. Við leggjum áherslu á holla og góða næringu auk góðrar almennrar lýðheilsu. Við vinnum einnig með ART og erum með Vináttuverkefnið Blæ á báðum deildum leikskólans. Leikskólinn okkar er í sífelldri þróun og leitum við að leikskólakennurum sem eru tilbúnir til að ganga í liðið okkar og þróa starfið enn meira ásamt því að vera hluti af samfélaginu okkar. Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður ráðinn leiðbeinandi eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun.

Við bjóðum upp á:

- Húsnæðishlunnindi.
- Flutningsstyrk.
- Tækifæri til að taka þátt í að þróa leikskólalátið.
- Tækifæri til að kenna börnum leikni og að upplifa gleði.
- Tækifæri til símenntunar.
- Að verða hluti af fersku, áhugasömu og faglegu vinnuumhverfi sem er í stöðugri þróun.
- Umfram allt skemmtilegan vinnustað.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/Félags leikskólakennara. Leiðbeinendur falla undir kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Foss.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2020

Umsóknarfrestur til 15. maí 2020

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri í síma 487-1210 eða netfangi sveitarstjori@vik.is.

Umsóknir ásamt ferilskrá og afrit af leyfisbréfi auk sakavottorðs skal senda á sveitarstjori@vik.is.



Skoðunarmaður BSI á Íslandi

Hlutfall: Fullt starf **Tegund:** Sérfræðingur

Agaður og metnaðarfullur skoðunarmaður á rafmagnssviði óskast.

Sjá nánar á Job

job

Finnum draumastarfið saman



DJÚPVOGSHREPPUR

Staða skólustjóra Djúpvogsskóla er laus til umsóknar.

Djúpvogshreppur auglýsir starf skólustjóra Djúpvogsskóla. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólaláti, framsækna skólasýn og er tilbúinn að leiða skólann inn í framtíðina samkvæmt gildandi skólaláti sveitarfélagsins. Djúpvogsskóli er heildstæður sameinaður grunn- og tónskóli með ríflega 80 nemendum frá Djúpvogi og aðliggjandi dreifbýli.

Í Djúpvogshreppi eru u.þ.b. 500 íbúar.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á

heimasíðunni sveitarfélagsins: djupivogur.is

Nýr skólustjóri þarf að geta hafið störf eigi síðar en

1. ágúst nk.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólalátiðs í grunn- og tónskóla til framtíðar í samræmi við skólalátið sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá tónlistarskóla og lög og reglugerðir um grunn- og tónlistarskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnu-tilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.
- Hafa umsjón með daglegu starfi í lengdri viðveru sem er í boði fyrir 1.-3. bekk frá 13:10 – 16:00.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara. Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni og reynsla í að leiða þróun skólalátiðs.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum, jákvæðni og metnaður.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Skólustjórafélags Íslands (SÍ). Næsti yfirmaður er sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 10. maí nk. Umsóknum skal skila á netfangið sveitarstjori@djupivogur.is.

Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á skólaláti og faglegri reynslu og getu sem nýttist í starfi.

Frekari upplýsingar má finna á: djupivogur.is, undir liðnum „Þjónusta.“

Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Sveitarstjóri gefur fúslega frekari upplýsingar í síma 470-8700 og 843-9889

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur áskilinn til að hætta við ráðningu og/ eða auglýsa stöðuna að nýju.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli

- Kennari í heimilisfræði
- Skólasafnskennari
- Umsjónarkennarar

Flatskóli

- Umsjónarkennari
- Skólaliði

Garðaskóli

- Dönskukennari
- Kennari í hönnun og smíði

Hofsstaðaskóli

- Umsjónarkennari
- Sérkennari

Urriðaholtsskóli

- Deildarstjóri á leikskólastig
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Akrar

- Leikskólakennari

Leikskólinn Kirkjuból

- Deildarstjóri

Leikskólinn Krakkakot

- Deildarstjóri

Krókamýri – heimili fatlaðs fólks

- Sumarstörf

Ægisgrund – heimili fatlaðs fólks

- Starfsmaður í sumarafleysingu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR
gardabaer.is



Aðstoðarskólastjóri Vatnsendaskóla í Kópavogi

Vatnsendaskóli er heildstæður grunnskóli með um 600 nemendur og 90 starfsmenn. Skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Elliðavatn. Áhersla er lögð á náttúrufræði og umhverfismennt í skólalastarfinu, útikennslu og fjölbreytta kennsluhætti. Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta, samvinna og skapandi starf.

Leitað er að aðstoðarskólastjóra sem er með afburða hæfni í mannlegum samskiptum, býr yfir leiðtoga-hæfileikum, er umbótadrifinn, hefur faglegan metnað í starfi og er vanur teymisvinnu. Hann þarf einnig að búa yfir hæfni til að taka þátt í skólalastarfi í anda 21. aldarinnar í samvinnu við aðra stjórnendur, starfsmenn, nemendur og foreldra og leggja áherslu á árangur og vellíðan nemenda í skólanum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
